



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	7
3 Sólin	13
3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári.....	13
3.2 Innra mat Sólarinnar.....	14
4 Lautin	16
4.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lautarinnar um starfið á síðasta ári.....	16
4.2 Innra mat Lautarinnar	17
5 Fjallið	19
5.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári	19
5.2 Innra mat Fjallið.....	20
6 Lindin	23
6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári.....	23
6.2 Innra mat Lindarinnar.....	24
7 Stjarnan	27
7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári.....	27
7.2 Innra mat Stjörnunnar	29
8 Stutt greinargerð deildarstjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári	32
8.1 Innra mat frá deildastjóra elstu barna.....	33
9 Greinargerð hreyfistunda	34
9.1 Innleiðing hreyfistunda í leikskólanum Geislabaugi.....	34
9.2 Uppsetning og framkvæmd	34
9.3 Innra mat hreyfistunda fyrir skólaárið 2023-2024	35
10 Greinargerð listasmiðjustjóra	36
11 Innra mat sérkennslu.....	38



11.1	Greinagerð sérkennslustjóra	38
11.2	Mat á sérkennslu 2022-2023	39
11.3	Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.....	41
12	Innra mat – fjöltyngd börn	45
12.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023	45
12.2	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024	47
13	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	48
14	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	49
15	Foreldrasamvinna.....	49
16	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	50
17	Fylgiskjal 1.....	52
17.1	: Skólaheimsóknir skólaárið 2022-2023.....	52
18	Fylgiskjal 2.....	53
18.1	Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Geislabaugs 2023-2024.....	54



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Sköpun, gleði, virðing og jafnrétti, eru einkunnarorð og gildi leikskólans og hafa einkennt starf hans. Börnin hafa notið þess að leika, læra og njóta sín í örvandi og fallegu umhverfi sem leikskólinn hefur upp á að bjóða, undir leiðsögn okkar frábæru kennara í Geislabaugi. Við notum orðið kennari yfir allt starfsfólk leikskólans. Við misstum nokkra kennara frá okkur í byrjun skólaárs og varð því nokkur breyting í starfsmannahópnum en okkur tókst að ráða til okkar nýtt fólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Leikskólakennarar og aðrir fagmenntaðir kennarar eru orðnir 16 samtals sem er aukning frá því sem áður var. Aðrir kennarar eru með mikla reynslu og hafa margir hverjir starfað í 5-10 ár eða lengur og níu kennarar eru með annað tungumál en íslensku.

Barnahópurinn var fjölbreyttur og samanstóð af 104 börnum frá eins árs til fimm ára. Við upphaf skólaárs aðlöguðum við samtals 27 börn, flest inn á yngstu deildina Stjörnuna. Aðlögun gekk vel og höfum við verið ánægð með þátttökuaðlögun þar sem hópur barna og foreldra koma saman og eru í þrjá daga svo kemur annar hópur eftir 7 til 10 daga. Þá getur starfið byrjað með eðlilegum hætti frekar snemma.

Sú breyting var gerð síðast liðið ár að við vorum með aldursblöndun á þremur elstu deildunum. Þannig að þrír elstu árgangarnir, börn á aldrinum 3-6 ára, dreifðust á þessar deildir. Þetta var gert til að mæta fjölda yngri barna en leikskólinn hefur verið að yngjast síðustu ár. Við vorum með fjóra fagstjóra sem fóru á allar elstu deildarnar þannig að árgangarnir gætu verið saman. Fagstjóri elstu barna, Meistara, hélt utan um starfið þeirra og blönduðust börnin í þremur hópum þvert á deildir. Íþróttakennari og listgreinakennari fóru á milli allra deilda og unnu árgangaskipt. Einnig sinnti sérkennari málörvun á öllum deildum. Þetta kemur betur fram í greinargerð þeirra hér fyrir neðan.

Þegar litið er til baka gekk þessi aldursblöndun vel en krafðist mun meira af kennurum á hverri deild að bjóða upp á verkefni við hæfi hvers aldurs. Börnin undu sér vel og eldri börnin tóku tillit til þeirra sem yngri voru og voru einstaklega umhyggjusöm. Oft mynduðust falleg vinasambönd, yngri börn lærðu af þeim eldri og félagaval var fjölbreyttara. Í Meistarahópnum hættu tvö börn í byrjun vetrar og var þá heldur fámennur sá hópur. Við höfum því ákveðið að næsta vetur munu elstu börnin einungis vera á tveimur deildum, Sól og Fjalli, og fagstjórar munu halda áfram að fara á milli deilda en með örlítið breyttu sniði.

Það hefur verið þróun í starfinu hjá okkur síðan við innleiddum nýju menntastefnuna „Draumar geta ræst“. Í vetur settum við niður fjölmörg teymi sem snúa að áherslum okkar. Kennarar gátu valið sér



teymi og eru reglulega haldnir teymisfundir í húsi. Þetta eru teymi sem snúa að félagsfærni, umhverfismennt og grænum skrefum, sköpun, læsi og jafnrétti svo eitthvað sé nefnt.

Við fengum gróðurhús á lóðina okkar sem heitir því fallega nafni Bambahús. Með tilkomu þess hefur áhugi kviknað á allskyns ræktun, börnin byrja á forræktun snemma að vori innandyra sem færast svo yfir í gróðurhúsið og út í matjurtagarðinn okkar. Einnig hafa gönguferðir aukist til muna og hverfið okkar með alla náttúruna allt um kring, verið rannsakað og skoðað.

Við, stjórnendur í austur borgarhluta, tókum þátt í þróunarverkefni innra mats í leikskólum sem reyndist mjög vel og verður því léttara að gera matsáætlanir til styttri og lengri tíma. Í framhaldi af því settum við upp spurningalista fyrir foreldra og kennara, um starfið okkar í vetur. Einnig tóku elstu börnin þátt í endurmati hjá sínum fagstjóra. Almennt eru foreldrar og kennarar mjög ánægðir með starfið. Foreldrum þótti þó vanta fleiri viðburði þar sem þeim er boðið að koma og skoða það sem við erum að gera. Helsta áskorun kennara var aldursblöndunin.

Ytra mat, sem lagt var fyrir kennara, á vegum SFS og Sameykis, kom mjög vel út. Við vorum í 7. sæti af öllum leikskólum í Reykjavík sem stofnun ársins. Við höfum því bætt okkur í nánast öllum flokkum. Skemmtilegt er frá því að segja að starfsánægja kennara mælist verulega há hjá okkur. Við erum því að nálgast sett markmið til að auka starfsánægju kennara innan leikskólans, sem skilar sér svo til barnanna. Nánar er fjallað um könnunina hér á eftir.

Áherslur næsta árs eru áfram þær að hlúa vel að börnum og kennurum, dýpka okkur enn meira í jákvæðum aga og þeim áherslum sem einkenna Geislabaug eins og skapandi starf, leikur, læsi, umhverfismennt og jafnrétti svo eitthvað sé nefnt. Ný skólanámskrá mun líta dagsins ljós á haustmánuðum 2024 þegar leikskólinn verður 20 ára. Kennarahópurinn er svo að skipuleggja námsferð til Finnlands á vordögum 2024 ásamt leikskólanum Reynisholti.

Umbótaáætlun út frá innra og ytra mati er að bæta umgjörð utan um frjálsan leik, leggja meiri áherslu á hæglátt leikskólastarf þ.e.a.s. gera minna af því sem gæti valdið streitu innan leikskólans. Þá kemur leikurinn sterkur inn þar sem nemendur njóta stundarinnar og eru í núinu. Einnig ætlum við að rýna meira í af hverju við gerum það sem við erum að gera.

Við stefnum að því að bjóða foreldrum/forráðamönnum í morgunmat/-kaffi einu sinni í viku á hverja deild. Það teljum við að geti verið liður í að tengja betur heimili og skóla og að foreldrar kynnist skólanum og öðrum foreldrum betur. Þetta á ekki að auka á stress heldur verða samfella í vikuskipulagi deilda. Við stefnum að því að gera enn betur hvað varðar stjórnun og auka starfsánægju kennara.



Með vinsemd,

Þóra Jóna Jónatansdóttir, leikskólastjóri.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Eins og undanfarin ár þá eru notaðar ýmsar leiðir til að meta leikskólastarfið hjá okkur. Reglulegt mat fer fram á deildastjórafundum og stjórnendafundum, deildastjórar funda aðra vikuna og stjórnendur ásamt deildastjórum funda vikuna á móti (símat). Á fundunum er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum, rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er fundargerð sett inn á allar deildir og ber starfsfólki að lesa hana. Með þessu gefst starfsfólki því tækifæri á að ræða fundargerðina og koma með athugasemdir fyrir næstu fundi. Endurmat á starfinu fer fram á haustin, í janúar og í maí, og þá gefst aukið tækifæri fyrir alla starfsmenn að koma að sínum skoðunum og vangaveltum er varðar starfið. Sú nýbreytni var í vor að gera óformlega foreldrakönnun sem gaf foreldrum tækifæri til að meta starfið okkar og aðkomu þeirra að starfsfólki. Þau sem kusu að taka þátt skiluðu blaðinu í lokaðan kassa í fataherbergi barnanna og kom sú könnun ágætlega út.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Blandaðar deildir (kostir og gallar)	Hver starfsmaður hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Það hefur verið áskorun að finna út hvernig hvert og eitt barn nýtur sín best í blönduðum aldurs hóp eins og þrjár elstu deildarnar voru hjá okkur síðast liðið skólaár. Munur á þroska og getu á milli barnanna getur verið mikill. Reyndum við að meta verkefni frekar út frá getu barns en aldri þess. Ef efniviður er nógu opinn og skapandi þá ætti hann að mæta kröfum hvers aldurs fyrir sig. Kennarinn þarf að setja fram kveikjur og efnivið og sá efniviður þarf að vera aðgengilegur fyrir börnin.
Svæðaleikur eða flæði	Hver starfsmaður hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Það er eins og kennarar rugli saman hvernig við notum svæðaleik og flæði í daglegu starfi. Flæði er einu sinni í viku en þá fá börnin að „flæða“ á milli



			deilda og finna sér svæði til leiks eins og gert er í svæðaleik. Í báðum tilvikum fá börnin val um að breyta til ef þau kjósa svo. Í svæðaleik og flæði eru endalausir möguleikar með opnum efnivið og spennandi hugmyndum sem hægt er að fá hjá börnunum og kennarinn hjálpar þeim með því að koma með kveikjur út frá þeirra hugmyndum.
Matstofan	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Matstofan hefur verið hjá okkur í nokkur ár og ávallt gengið vel. Í matstofunni valdeflast börnin og öðlast færni í sjálfshjálpi ásamt því að njóta matarins með vinum sínum. Í vetur skiptum við einu hlaðborði upp í tvö hlaðborð þar sem þó nokkur börn eru með sérfélga (vegan og ofnæmi). Einnig var alveg sér borð fyrir þau sem eru með bráðaofnæmi. Við erum stöðugt vakandi fyrir breytingum.
Lubbi og málörvun	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Við notum hreyfitáknin hans Lubba fyrir mállhljóðin, syngjum lögin hans og ræðum um að allir hlutir eiga sín mállhljóð. Við prufuðum í ár að nýta Lubba-stundir í samveru sem er aldurskipt. Einnig þarf að hafa í huga að málörvun fer fram allan daginn á öllum stöðum leikskólans. Við ætlum að vera duglegri í að nota <i>Gefðu 10</i> því við finnum hvað það hefur mikið að segja fyrir barnið. Lesið er að lágmarki 1x á dag fyrir öll börn og þá eru börnin getuskipt. Sá tími er einnig nýttur í að fara yfir mállhljóð vikunnar.
Jákvæður agi/Blær	Hver starfsmaður hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	Við nýttum starfsdag til að æfa okkur í að nota verkfæri <i>Jákvæðs aga</i> og tókst vel upp. Kennarar finna að þeir þurfa meiri upprifjun á stefnunni og fleiri æfingar á verkfærum <i>Jákvæðs aga</i> . Á komandi skólaári verða



			<p>settar upp nokkrar æfingar til upprifjunar.</p> <p>Blæstundir eru ekki eins reglulega og starfsfólk kýs að hafa. Voru stundirnar reglulegri fyrir áramót. Þrátt fyrir það er reglulega farið yfir með börnunum hve mikilvæg vinátta er fyrir hvern og einn.</p>
Útivera	Hver starfsmaður hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	<p>Kennurum finnst alltaf gaman að vera úti að leika en samt er eins og það vanti eitthvað. Við ætlum að laga það og koma með hugmyndir að útiverkefnum. Nýtt skipulag um dreifingu starfsfólks virðist ekki virka nógu vel þegar hluti af skólanum er úti. Kallað verður eftir hugmyndum hjá starfsfólki, hvernig getum við gert betur.</p>
Listasmiðja, íþróttir og Meistarastarf	Hver starfsmaður hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Starfsfólk Geislabaugs	<p>Flott að hafa þrjá fagstjóra. Fagstjórnir eru allir með flott starf og eiga þeir hrós skilið. Reynt var í byrjun að hafa Listasmiðju, íþróttir og Meistarastarf þvert á deildir. Við fundum fljótlega að það kemur betur komi út að hver deild eigi fagkennara ákveðin dag vikunnar. Það var nýjung hjá okkur að hafa íþróttakennara sem sinnti hreyfistundum jafnt úti sem inni. Það fyrirkomulag hefur komið vel út eins og starfið sem fer fram í Listasmiðjunni og í meistarastarfinu.</p>
Hversu ánægð eru þið með starfið?	Hvert foreldri hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Foreldrar barna í Geislabaugi	<p>Foreldrar eru langflestir mjög ánægðir eða ánægðir með starfið. Við erum ánægð með niðurstöðuna en eins og svo oft áður þá viljum gera betur.</p>
Aðkoma foreldra að skólanum	Hvert foreldri hafði tók á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Foreldrar barna í Geislabaugi	<p>Margir eru ánægðir og okkur er bent á að auglýsa betur viðburði og jafnvel fjölga þeim. Við finnum vel að foreldrar eru ekki eins virkir og áður en Covid skall á okkur. Við ætlum því að bjóða foreldrum að koma oftar til</p>



			okkar (án kvaða) og vera með í starfinu.
Matartími barna, þau sem nota matstofu	Hvert foreldri hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Foreldrar barna í Geislabaugi	Flestir mjög ánægðir. Þrír elstu árgangarnir nýta matstofu daglega í hádeginu og langar foreldrum að fá betri innsýn hvernig hún fer fram. Erfitt að fá upplýsingar um hvernig barnið borðar. Og langar okkur að bæta okkur þar strax í byrjun næsta skólaárs.
Eitthvað sem foreldri vill koma á framfræi	Hvert foreldri hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Foreldrar barna í Geislabaugi	Foreldrar eru almennt ánægðir með starfsfólk og starf. Benda á það mætti auðkenna starfsfólk betur t.d. þegar margir eru úti. Sumir foreldrar vilja fleiri leiktæki í garðinn. Foreldrar telja einnig of mikið um að fatnaður sé í týnast og óráðsía sé í fataherbergi svo eitthvað sé nefnt.
Meistarar	Hvert foreldri hafði tök á því að svara spurningum til þess að meta út frá.	Foreldrar Meistarabarna í Geislabaugi	Elstu börnin eru á aldursblönduðum deildum en fá sér tíma fyrir Meistarastarf. Foreldrar telja að barnið hagnist á því, það bæti starfið og eflir börnin. Síðasta mánuð fyrir sumarfrí eru Meistarar saman á deild og er mikil ánægja með það meðal foreldra.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Rafrænt	Starfsmenn Geislabaugs	Við höfum bætt okkur frá síðustu könnun. Fengum hærra heildarmat í ár. Starfsfólki líður almennt vel í vinnunni. Starfsánægja og starfsandi er góður hjá okkur. Nú er að halda áfram á sömu braut.
Viðhorfskönnun	Rafrænt	Foreldrar barna í Geislabaugi	Við erum örlítið upp á við frá því að síðasta könnun var gerð. Almennt komum við vel út, þó



eru nokkrir punktar sem vert er að bæta t.d. með öflugri upplýsingagjöf og að foreldrar geti leitað til okkar vanti þeim ráð.



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
	Hlúa að og halda vel utan um stafsmannahópinn. Að starfsmaður finni að hann skipti máli í liðsheildinni.	Hvatning og jákvætt starfsumhverfi.	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Opin samskipti, teymisfundir og samtöl.	Starfsmannakannanir með SurveyMonkey.
Uppeldis- og menntastarf							
	Haldið áfram með vinnu við gerð nýrrar námskrár.	Höldum í okkar eigin gildi og stefnu sem og að taka mið af nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar.	Stjórnendur, deildastjórar og fagmenntaðir starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024		Menntastefna Reykjavíkur, Aðalnámskrá leikskóla og ný námskrá Geislabaugs.
Mannauður/ Leikskólabragur							
	Hafa leiðbeiningar og verkefnerla skýra.	Nýta mannauðinn sem best.	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Starfsmannasamtal/-töl ef við á.	Starfsfólk finni sig öruggara í starfi.
Innra mat							
	Starfsmenn koma að auknum mæli að starfinu og finni að það hefur áhrif á starfið.	Starfið verði metið ársfjórunglega yfir árið.	Stjórnendur, deildarstjórar og starfsfólks Geislabaugs.	Haust 2023	Vor 2024	Á stjórnenda-, deilda- og teymisfundum. Einnig verða gerðar viðhorfskannanir eins og undanfarin ár.	Niðurstöður funda, kannana og símats gefa okkur sýn á árangur okkar.



3 Sólin

3.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Sólarinnar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2022-2023 dvöldu 24 börn á Sólinni. Börnin voru fædd árin 2017, 2018 og 2019. Á deildinni voru sex fastir starfsmenn, en þrír af þeim sinntu sérkennslu. Síðastliðið ár voru þó nokkrar mannbreytingar og var nýtt fólk bæði að detta inn og annað að detta út.

Faglega starfið gekk ágætlega. Það voru mikil tilbrigði fyrir starfsfólk að vera allt í einu með þrjá árganga en ekki tvo. Þar af leiðandi þurfti að skoða og endurskipuleggja starfið á ný, sem var krefjandi á köflum. Það var lögð mikil áhersla á Lubba, Blæ og barnafundi. Börnunum var fyrst um sinn skipt í þrjá hópa eftir aldri, en eftir því sem leið á önnina breyttist það og fóru yngri börn að færa sig í hópa eldri barna. Með því var farið að taka tillit til getu barnsins og komið til móts við þroska þeirra fremur en aldur.

Fyrst um sinn fór hver hópur einu sinni í viku í Lubbastund, Blæstund og barnafundi. Í Lubbastund var unnið með eitt máhljóð vikulega og börnin gerðu verkefni tengt því máhljóði. Í Blæstundum var mikið notast við spjöldin, lesnar voru sögur sem ýta undir félagsfærni og börnin æfðu sig í að gefa Blæ nudd. Á barnafundum voru yfirleitt rædd mál sem börnin höfðu áhuga á að ræða. Jafnframt voru þær stundir notaðar til að valdefla börnin í framkomu og tjáningu skoðana þeirra. Einnig var reynt að fá börnin til að vera lausnamiðuð og finna út hvernig er hægt að finna lausn á vandamálum. Börnin komu með þá tillögu að hafa fataklefastjóra sem sér um að fara yfir fataklefann og benda börnunum á að ganga frá. Þannig var lögð áhersla á að gefa börnunum hlutverk og ýta undir lýðræði. Starfsfólk var einnig mikið að tvinna þessar stundir í daglegt starf og börnin efdust í félagslegum samskiptum og að tjá skoðanir eða tilfinningar sínar.

Þegar fór að vora minnkuðum við skipulagðar stundir og voru þær aðra hverja viku. Það var gert vegna þess að starfsfólk vildi fara vinna meira út frá áhugasviði barnanna. Farið var í stóra þemavinnu um stjörnukerfið. Pláneturnar voru kynntar vel fyrir börnunum og sólkerfið í heild sinni. Börnin bjuggu til plánetur og bættu heilmikið við þekkingu sína. Ásamt því fóru börnin líka í þemavinnu um fugla.

Samverustundir voru haldnar tvisvar til þrisvar á dag. Í fyrstu samveru dagsins voru öll börnin saman. Þá var farið yfir dagskipulagið, sungið, hlustað á tónlist eða lesin saga. Í hádeginu voru lesstundir. Börnunum var skipt í þrjá hópa eftir getu og gekk það vel. Í þriðju samverustundinni hlustuðu börnin á hljóðbók sem þeim þótti afar skemmtilegt. Sætaval var frjálst og fengu börnin að ráða hvar þau sátu í samveru. Starfsmenn sátu hjá þeim börnum sem þurftu á stuðningi frá kennara að halda. Með því að leyfa þeim að velja sæti sjálf eflum við þau ekki einungs í sjálfstæði, heldur einnig í að þau beri ábyrgð á eigin námi og læri þannig að fylgjast með og hlusta í slíkum stundum.



Mikil áhersla var lögð á læsi og að efla málþroska barnanna á fjölbreyttan hátt. Börnin fengu að prófa sig áfram með Sögugrunninn, unnu verkefni, hlusta á lög og hvaða saga leynist á bakvið hvaða lag jafnvel höfðu þau greiðan aðgang að bókum og spilum sem efla tjáningu og skilning.

Leikskólinn er staðsettur á mjög fallegum stað nálægt ósnortinni náttúru. Náttúran bíður upp á afskaplega mikið útinám og nýttum við okkur það. Börnin fóru í gönguferðir í nærumhverfinu og höfðu sérstaklega gaman af því að fara upp á Reynisvatn. Börnin fóru einnig reglulega í aðrar vettvangsferðir svo sem á bókasafnið, húsdýragarðinn, tónleika, leikhús og margt fleira. Það var gerð sú krafa á börnin að hlusta og fara eftir fyrirmælum kennara. Með tímanum efldu þau sig í því og voru mjög dugleg í öllum ferðum.

3.2 Innra mat Sólarinnar

Uppeldislegar skráningar hefðu mátt vera fleiri þetta árið, ekki eingöngu þær sem voru fyrirfram ákveðnar. Skráningarnar sem við gerðum voru flottar en við viljum bæta og þróa þær. Þá verðum við öruggari með þær, það má alltaf gera betur og gera fleiri skráningar.

Það gekk afar vel að hafa svæðaleik í skipulagi deildarinnar. Það er þó alltaf hægt að leyfa börnunum að taka meiri þátt í því og gefa þeim meira frelsi í að velja hvaða efnivið og svæði eru í boði. Það var þó alltaf nóg í boði og börnin kvörtuðu aldrei yfir því. Með tímanum urðu þau mun öruggari í svæðaleiknum. Þau þróuðu sig í eigin leik og náðu oft flæðisástandi. Þau fóru einnig að dvelja lengur á hverju svæði fyrir sig og héldu sér mun betur við efnið en áður.

Blær, Lubbi og barnafundir bjóða upp á miklar tengingar bæði í leik og verkefnavinnu. Stefnt er á það að halda þessum stundum áfram. Það var ofboðslega gott að skipta börnunum í þrjá smærri hópa. Börnin nutu sín miklu betur og meðtöku meira. Við komum til móts við börnin og færðum þau á milli hópa þegar við tókum eftir því að getan og skilningurinn var meiri. Stundirnar hefðu þó mátt vera fleiri á vorönn. Þá var unnið meira út frá áhugasviði barnanna og hlustað á þeirra raddir, sem var einnig afar mikilvægt.

Það var unnið markviss að sjálfseflingu og sjálfsöryggi. Það gekk vel. Börnin urðu afar fljótt sjálfbjarga í fataherberginu og voru þau ávallt hvött í að klæða sig í sjálf, en þeim var þó alltaf hjálpað ef þau þurftu á aðstoð að halda.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Tvinna meiri málörvun og læsi inn í vinnu með Lubbi finnur málbein.	Taka efnivið svo sem Sögugrunn, sögur, tónlist og annað inn í stundirnar. Unnið í samverustundum og litlum hópum.	Deildastjóri	Haust 2022	Vor 2023	Tekin staða á þekkingu barna á málhljóðum með samtali eftir skólaárið.	Þekking barna á málhljóðum fyrir og eftir skólaárið metin.
Blær	Halda áfram að vinna með Blæ.	Unnið í samverustund og litlum hópum.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Blæstundir.	Haust 2022	Vor 2023	Unnið sé með Blæ þrisvar í viku í litlum hópum þar sem hlustað er á lögin, rætt um félagsfærnisögur, samskipti og líðan.	Þekking barnanna á lögum um Blæ, líðan barna og samskipti.
Sjálfstæði og valdefling	Tvinna inn í Blæstundir sjálfstæði og valdeflingu.	Nota myndir úr Blæ efni, dæmisögur, barnafundi og aðrar aðferðir.	Deildastjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir.	Haust 2022	Vor 2023	Staðan tekin á færni barna til tjáningar og virðingar á skoðunum áður en haust starf hefst og eftir skólaárið.	Óformleg könnun gerð á tjáskiptum og ákvæðanatöku ferli barnanna á deildinni.
Barnafundir	Halda áfram með markvissa barnafundi. Leyfa börnunum að stjórna umræðuefni, og grípa í samræður sem þau hafa áhuga á.	Unnið í litlum hópum.	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um barnafundi.	Haust 2022	Vor 2023	Staðan tekin á tjáningu og heimspekilegum samræðum á hausti og vori	Staðan tekin á heimspekilegri hugsun, samskiptum í byrjun hvors mísseris Skráningar gerðar eftir hverja stund svo hægt sé að meta framfarir.
Skráningar	Gera fleiri skráningar úr daglegu starfi. Hver starfsmaður gerir eina skráningu á hausti og vori.	Verum duglegri að taka myndir af daglegu starfi. Gerum skráningar eftir með myndum.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Haust 2022	Vor 2023	Ferilmappa yfirfarin í byrjun hvors mísseris.	Ferilmappa yfirfarin í lok hvors mísseris



4 Lautin

4.1 Stutt greinagerð deildarstjóra Lautarinnar um starfið á síðasta ári

Árið 2022-2023 dvöldu 22 börn á Lautinni, þar af 5 börn fædd 2017, 5 börn fædd 2018, 10 börn fædd 2019 og 2 börn fædd 2020. Fyrir áramót voru þrír árgangar á Lautinni en eftir áramót hættu tvö börn á Lautinni og voru í kjölfarið tekin inn börn fædd 2020 sem varð til þess að árgangarnir á Lautinni urðu fjórir, þó misstórir. Á deildinni voru fimm fastir starfsmenn, þar af sinnti einn 100% sérkennslu og annar 50% sérkennslu.

Í desember 2022 urðu deildarstjóraskipti á Lautinni. Börn og foreldrar tóku vel á móti nýja deildarstjóranum og fór hann rólega af stað í að koma sér inn í starfseminu á Lautinni.

Faglega starfið gekk ágætlega. Börnunum var skipt upp í hópa fyrir Blæ og Lubba. Eftir áramót var lögð áhersla á að Lubba- og Blæstundir yrðu einu sinni í viku. Börnin voru 5-6 í hóp. Þegar leið á vorið fóru skipulagðar stundir að minnka verulega vegna manneklu á Lautinni. Við byrjuðum með ferðabangsann Lubba eftir áramót. Börnin fengu þá eitt í einu að taka Lubba með heim yfir helgi og skráðu í Lubba bókina þau ævintýri sem þau lentu í með Lubba yfir helgina. Í samverustundum var síðan skráningin lesin í Lubba bókinni og sumir settu myndir eða límmiða sem þau sýndu börnunum í samveru. Með vináttuverkefninu Blæ var lögð áhersla á vináttu og framkomu við hvert annað og okkur sjálf. Við unnum verkefni um vináttu, börnin teiknuðu mynd af sér með vinum sínum. Við unnum verkefni um sjálfsást þar sem settir voru miðar á spegla inni á deildinni sem á stóð t.d. „ég er dugleg/-ur“, „mér þykir vænt um mig“ og „ég er flott/-ur“. Einnig unnum við verkefni þar sem þau horfðu á sig í spegli og teiknuðu sjálfsmýnd, síðan áttu þau að lýsa sjálfum sér.

Eftir áramót voru haldnir nokkrir barnafundir. Þar var tekið fyrir vináttu og sjálfsást. Einnig sömdu börnin á Lautinni reglur fyrir deildina. Ýmis málefni sem komu upp á Lautinni voru tekin á barnafundum.

Á Lautinni var unnið með sjónrænt skipulag. Sérkennslan nýtti einstaklingsmiðað sjónrænt skipulag en allir á deildinni fóru einnig eftir sameiginlegu sjónrænu skipulagi. Farið var yfir daginn í byrjun dags og var sjónræna skipulagið á sýnilegum stað fyrir börnin inni á deildinni. Börn eiga oft erfitt með óvissu og er því sjónrænt skipulag góð leið til þess að undirbúa þau fyrir hvern dag í leikskólanum.

Á Lautinni var mikið unnið með flæði og fengu börnin frjálst aðgengi að mismunandi efnivið sem þau nýttu í flæði. Einu sinni í viku var flæði á milli elstu deilda leikskólans; Lautar, Fjalls og Sólar. Börnin nutu sín að leika við vini sína á öðrum deildum. Þegar fór að hlýna í veðri lögðum við á Lautinni meiri áhersla á gönguferðir. Við fórum í skipulagðar vikulegar gönguferðir í Sæmundar- og Ingunnarskóla þar sem börnin fengu að leika frjálst á leiksvæðinu. Við erum heppin með umhverfið í kringum leikskólann



og er því gaman að fara í gönguferðir í hverfinu og stutt er að labba að næsta skóla sem býður upp á skemmtilegan leikvöll.

Börnin fengu einnig þjálfun í strætóferðum. Farið var í þremur hópum á bókasafnið í sögustund. Áður en flutningar á milli deilda hófust fóru yngstu árgangarnir í tveimur hópum í húsdýragarðinn. Allar ferðir með hópnum gengu vel, börnin voru dugleg að fara eftir fyrirmælum kennara og nutu þau sín í ferðunum.

4.2 Innra mat Lautarinnar

Í byrjun árs 2023 náðum við að halda markvissar skipulagðar Lubba- og Blæstundir en þær stundir voru einu sinni í viku. Þegar lengra leið á árið datt starfið mikið niður enda var mikil mannekla á Lautinni sem hafði áhrif á starfið. Við stefnum á að vinna markvissara með skipulagðar stundir bæði fyrir og eftir áramót ásamt því að skipuleggja gönguferðir bæði fyrir og eftir áramót. Við vildum ná að skipta hópnum upp í þrjá leshópa á þessu skólaári en það gekk sjaldan upp vegna mannekle. Við viljum bæta þetta á næsta skólaári, hafa börnin í minni hópum og lesa markvissara fyrir þau. Það gengur betur að lesa í minni hópum.

Það gekk vel að vinna með flæði en við ætlum að fara í meiri svæðaleik á næsta skólaári og vera samstíga öðrum deildum leikskólans hvað svæðaleikinn varðar.

Okkur gekk vel að vinna með sjónrænt skipulag á Lautinni fyrir öll börnin á deildinni. Við stefnum á að halda því áfram að vinna með sjónrænt skipulag á næsta skólaári. Við vildum innleiða betur TMT í starfið á Lautinni en það tókst illa. Við stefnum á að innleiða það fyrir næsta skólaár og vinna markvisst með TMT og hafa á veggjum deildarinnar myndir með táknum.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Vinna markvissara með Lubba. Nýta Lubba í samverustund. Tvinnu málörvun og læsi inn í Lubbastund.	Vinna í litlum hópum. Syngja lögin um máhljóðin í söngstundum. Vinna með ferðabangsann Lubba.	Deildarstjóri	Haut 2023	Vor 2024	Tekin staða á þekkingu barna á máhljóðum með samtali eftir skólaárið.	Þekking barna á máhljóðum fyrir og eftir skólaárið metin.



Blær	Vinna markvissara með Blæ. Tengja Blæ við fleiri stundir, t.d. myndlist og samveru.	Vinna í litlum hópum. Vinna verkefni sem tengjast vináttu og fleira.	Deildarstjóri og starfsmaður á deild sem sér um Blæ.	Haust 2023	Vor 2024	Vinna með Blæ tvisvar til þrisvar í viku í litlum hópum.	Þekking barnanna á eigin tilfinningum og annarra og þekking þeirra á vináttu. Metið í byrjun og lok skólaárs.
Barnafundir	Vinna markvissara með barnafundi. Vinna með áhugamál barnanna. Vinna með málefni sem tengjast starfi deildarinnar.	Vinna í litlum hópum.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Haust 2023	Vor 2024	Vera með barnafundi einu sinni til tvisvar í viku.	Börnin farin að vera með skoðanir á þeim viðfangsefnum sem eru tekin fyrir á barnafundum.
Skráningar	Vinna markvissara með skráningar yfir önnina. Hafa fyrirfram ákveðin verkefni sem allir á deildinni vinna.	Vera dugleg að taka myndir og gera fleiri styttri skráningar.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar.	Haust 2023	Vor 2024	Ferilmappa yfirfarin í byrjun hvors misseris.	Ferilmappa yfirfarin í lok hvors misseris.



5 Fjallið

5.1 Stutt greinagerð deildarstjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári

Á Fjallinu veturinn 2022 – 2023 voru 22 börn. Starfsmenn um haustið voru fimm og tveir í hlutastarfi, um vorið voru sex starfsmenn en áttu að vera sjö (enginn í hlutastarfi). Eitt stöðugildi var ekki fyllt fyrr en þann 2. maí. Nokkrar mannabreytingar voru á deildinni um sumarið og haustið og svo aftur um áramótin. Þrír starfsmenn fóru í önnur störf bæði innanhúss og utan. Eftir urðu þrír starfsmenn sem héldu áfram, einn af þeim var hlutastarfsmaður. Um haustið bættist svo við annar starfsmaður sem kom úr fæðingarorlofi, einn kom af annarri deild, einn nýr var ráðinn inn í 100% starf og einn í 50% starf. Samtals sjö starfsmenn, þar af tveir í hlutastarfi, annar þeirra með stuðning. Af hinum fimm var einn starfsmaður í 100% stuðningi og einn með 4 tíma í stuðning. Um áramótin urðu aftur breytingar, tveir hættu og fóru í önnur störf og einn starfsmaður, sem var í hlutastarfi með stuðning fór í önnur störf innanhúss. Eftir áramót voru ráðnir inn nýir starfsmenn. Einn í 100% starf, sá tók við stuðningi á barni sem var komið með auka tíma og einn í 100% stuðning. Eftir var ein staða sem ekki tókst að ráða í fyrr en í apríl, sá starfsmaður byrjaði svo í byrjun maí. Deildin var því undir mönnum með sex starfsmenn frá áramótum í stað sjö, eins og stöðugildi sýndu. Þetta hafði mikil áhrif á þá stöðu sem komin var upp á deildinni, hvað hegðunarvanda meðal barnanna varðar.

Barnahópurinn samanstóð af níu börnum fæddum 2017, sjö börn voru fædd 2018 og sex börn 2019. Þar af var eitt barn með 12 tíma stuðning. Eitt með fjóra tíma og tvö með tvo tíma. Eftir áramótin fór annað barnið sem hafði tvo tíma í 6 tíma stuðning.

Fjögur börn voru með annað tungumál. Eitt var með góð tök á íslenskunni, tvö áttu erfitt með íslensku og þurftu auka málörvun og aðstoð (notuðum *Gefðu 10* sem dæmi). Annað þeirra sýndi mikinn hegðunarvanda. Fjórða var í greiningarferli og hafði enga máltjáningu svo að segja, hvorki á íslensku né á móðurmáli sínu. Eitt barn var með íslensku að móðurmáli og þurfti auka málörvun vegna seinkunnar í málþroska.

Mikill hegðunarvandi var á deildinni sem var aðallega hjá fjórum börnum. Eitt þeirra endaði með 6 tíma stuðning og annað var með tvo tíma, sem var ekki nóg. Hin tvö höfðu engan stuðnings tíma. Deildin var mjög erfið í vetur. Sem stafaði að hluta til af mjög erfiðum hegðunarvanda og undirmönnun starfsmanna. Deildin þurfti að sækja sér aðstoð til Austurmiðstöðvar til að reyna að fá lausnir og ráð til að leysa það. Deildastjóri fór einnig á námskeið í náttúrulegum aga sem byggist á atferlisþjálfun. Það reyndist hjálpa mikið til sérstaklega með eitt barnanna.



Á Fjallinu var mikið lagt upp úr myndrænu dagskipulagi fyrir börnin, þannig þau vissu hvað var verið gera og hvað kæmi næst. Þetta gerði þau öruggari, vissu hvað væri í vændum og hvers væri ætlast til af þeim.

Þar sem deildin er lítil og mikill hegðunarvandi í hópnum var barnahópnum oft skipt upp. Þannig gátu bæði börn og starfsfólk notið sín inni á deildinni. Helmingur var þá inni og hinn helmingurinn fór út. Þetta var gert á hverjum degi þar sem ekki var talið gerlegt að vera inni á deild með allan hópinn. Skiptinginn var oftast aldurstengd. Ýmis vandamál komu því upp seinni partana þegar allir voru inni saman í hressingu og til enda dags.

Starfsmannahópurinn hélt áfram á námskeiði í Jákvæðum aga og er mjög spenntur að halda þeirri vinnu áfram og innleiða það.

5.2 Innra mat Fjallið

Við erum búin að vera vinna með uppeldisfræðilegar skráningar. Þær hafa aðallega verið þessar föstu sem eru alltaf. Okkur langar að gera betur og bæta inn fleiri skyndi skráningum. Einnig langar okkur að hlusta betur á leik barnanna og fá kveikjur að verkefnum til að gera og gera skráningar út frá þeim. Við náðum ekki að gera þetta eins og við vildum sökum erfileika á deildinni.

Í vetur var ákveðið á leikskólanum að reyna vinna með árgangana þvert á þrjár elstu deildarnar. Verkefnastjóri elstu barna, listasmiðjustjórinn og íþróttakennari sem sá um hreyfingu, tóku þau í hópa þvert á deildarnar, þannig að árgangarnir voru sama í hópum. Það gerði það að verkum að 3 – 5 börn að jafnaði fóru út af deildinni þrjá daga í viku í þessar stundir. Það þurfti mikið skipulag til að passa uppá hver væri að fara hvert og hvenær. Það gekk vel alla jafna en hafði áhrif á annað starf í staðinn.

Við fundum fljótt að listasmiðjan passaði ekki vel inn í þessa vinnu þvert á deildir. Við settum börnunum of fastan tímaramma til að vinna verkefni sín og við töldum að þau væru því ekki að njóta sín sem skyldi. Við breyttum því og fórum aftur í að fá listasmiðjustýruna til okkar einu sinni í viku. Eina breytingin þarna var að listasmiðjan var nú inni á deildinni í staðinn fyrir að vera niðri í listasmiðju. Börnin voru alltaf mjög spennt fyrir því að fara í listasmiðju og gera allskonar skemmtileg verkefni. Okkur tókst sæmileg að halda listastarfi líka inni á deild en langar að gera betur og hafa alltaf eitthvað í boði í svæðaleiknum.

Verkefnastjóri elstu barna var áfram í vinnunni þvert á deildar ásamt íþróttakennaranum. Meistarastarfið gekk mjög vel. Börnin voru mjög spennt að fara í Meistarastarf og náðu að kynnast betur þvert á deildir. Allir Meistarar fóru einu sinni í viku í Meistarastarf og einu sinni í viku í leikjastund í salnum.



Íþróttakennarinn sá til þess að hvert barn fékk hreyfistund einu sinni í viku. Hún tók svo þau börn aukalega sem þurftu auka þjálfun í grófhreyfingum. Því miður datt þessi vinna út um áramótin sökum veikindaleyfis. Deildin tók þá við og hélt uppi hreyfistundum einu sinni í viku á miðvikudögum. Kennarar skiptust á að sinna því. Það gekk mjög vel.

Lagt var uppi með að hafa 2-3 samverur á dag en allar mjög ólíkar. Fyrsta var áætluð í Lubba, Blæ og málörvun þrisvar sinnum í viku, eins og var gert árinu áður á milli 9:00-9:30. Það gekk ekki þar sem það vantaði alltaf einhver börn sem voru þá komin í annað skipulagt starf, þar sem verið var að vinna þvert á deildir. Dálítinn tíma tók að finna út hvernig best væri að hafa Lubba og Blæ stundir til að ná þeim börnum saman sem hentuðu í hvern hóp. Með því að dreifa stundunum yfir nokkra daga og tíma, þar sem hver hópur átti sinn tíma tókst að raða í hópa sem voru æskilegir. Lubba og Blæ stundir fóru þá að ganga betur, en þar sem hóparnir voru með fastan tíma misstu sumir hópar oftár úr en aðrir. Reynt var að vinna það upp á öðrum tímum, þá sérstaklega með Lubba. Kennari sem sinnti Blæ hefði mátt vera áhugameiri til að stundirnar væru sem oftast. Næsta samvera var svo fyrir hádegismat en þetta var eina samveran þar sem allur hópurinn var saman. Þá var oftast sungið en stundum málörvun eða aðrar æfingar. Síðasta samveran var fyrir hressinguna, sem hluti af málörvunarstarfi voru fastir tímar í lestri. Það var gert strax eftir útiveru. Þá var barnahópnum skipt upp í 2-3 hópa eftir fjölda kennara þar sem kennarinn las sögu fyrir börnin. Þetta reyndist einnig róa börnin þannig þau fóru rólegri inn í leikinn. Þannig var lesið fyrir öll börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Kennarar sinntu þessu þó ekki alveg sem skildi þegar deildarstjóri var ekki á svæðinu, það er eitthvað sem má betur fara.

Við héldum áfram að vinna með svæðaleikinn og nota hann í fleiri tímum en bara á morgnana. Í svæðaleik völdu börnin sér 1-2 svæði á dag. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður, frekar en þegar því er sleppt. Reynt var einnig að innleiða hann seinni part dags þegar öll börnin voru inni, strax eftir lesturinn kl. 14. Það gekk vel þegar það var gert en starfsfólk hefði mátt vera áhugameira að innleiða það og nýta betur til að ná meiri ró yfir hópinn.

Annar sérkennslustjóri sá um málörvun á deildinni. Hann átti að koma einu sinni í viku þar sem hann vann málörvun bæði í gegnum leik og einstaklingsmiðað. Því miður náðist ekki að halda því eins og við vildum sökum mannekle í húsinu. Kennarar á deildinni sáu því einnig um málörvun með því að lesa fyrir öll börnin að minnsta kosti einu sinni á dag og í hvert skipti sem barn bað um lestur. Einnig voru spiluð allskonar málörvunar spil og farið í leiki í samveru. Í leik voru orð lögð á alla hluti sem og í samtölum við börnin ásamt því að endurtaka rétt það sem þau sögðu ef þurfti. Fyrir þau sem þurftu auka málörvun var notast við *Gefðu 10* aðferðina.



Nokkrar skipulagðar ferðir voru farnar yfir veturinn. Meistararnir fóru á tónleika í Hörpunni og leikhússýningar í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu.

Farið var með allan hópinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn á námskeið sem haldin eru þar. Það voru námskeiðin *Hugrakkir krakkar* fyrir eldri börnin og *Húsdýrinn okkar* hjá yngri börnunum. Þar sem deildinn var þung þennan veturinn var ekki farið í eins margar ferðir sem og við hefðum viljað.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein og almenn málörvun	Halda áfram að vinna með Lubba, tvíanna aðra málörvun og læsi inn í þær stundir. Einnig hafa auka málörvunar stundir, sérstaklega fyrir þau börn sem þurfa á því að halda.	Auka stundir með Lubba. Nota samverur í málörvunaræfingar, auk þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum. Nota Sögu-grunninn, spil, sögur og annað málörvunar efni.	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um Lubba-stundir og aðrir starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024	Metið að hausti og vori með samtali og könnun á þekkingu máhljóðanna og málörvunar viðmiðum. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að öll börn fái viðeigandi stund í málörvun allt skólaárið.
Blær og efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni	Halda áfram að vinna með Blæ. Tvíanna inn í Blæ stundir sjálfstæði og valdeflingu.	Unnið í litlum hópum. Að barn fari minnst einu sinni í viku í Blæ stund. Nota samverur, barnafundi, efni úr Blæ ásamt öðrum aðferðum.	Deildarstjóri og starfsmaður sem sér um Blæ stundir. Ásamt öðrum starfsmönnum.	Haust 2023	Vor 2024	Unnið einu sinni í viku í litlum hópum og í samveru verður hlustað á lögin sem fylgja Blæ.	Samskipti barna og líðan. Þekking þeirra á lögunum. Að börnin séu örugg í samskiptum og félagslegri færni.
Sköpun innan deildar	Grípa hugmyndir barnanna. Vera alltaf með opið á listasvæði.	Með því að hlusta, vera með hvetjandi efnivið og kveikjur. Vera með skapandi starf á fleiri svæðum t.d. byggingarsvæði.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024	Unnið alla daga sem svæðaleikur er í gangi og fyrir utan hann.	Vera með lista sem hægt er að skrá hvaða börnin eru búin að gera af verkum, þannig allir geri eitthvað.
Skráningar	Gera skráningar fyrir utan þessar föstu hefðbundnu.	Gera skráningar um sköpun hjá börnunum	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.	Haust 2023	Vor 2024	Fylgjast með ferilmöppunum, passa að öll börn fái að minnsta kosti eina slíka skráningu.	Fara yfir ferilmöppurnar og sjá hvort markmiðinu



		sem ekki endilega skilar af sér afurð.						hafi verið náð.
--	--	--	--	--	--	--	--	-----------------

6 Lindin

6.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Lindarinnar um starfið á síðasta ári

Veturinn 2022 – 2023 gekk vel á Lindinni. Flutningur á milli deilda fór aftur fram fyrir sumarfrí eins og verið hefur. Fluttu því Lindarbörnin yfir á Laut, Sól og Fjall þann 7. júní 2023. Deildarstjóraskipti urðu á Lindinni þann 15. ágúst 2022.

Þann 22. ágúst 2022 fluttu 14 börn af Stjörnunni yfir á Lind. Fyrsta aðlögun hófst svo þann 25. ágúst og var þá tekið á móti 6 börnum. Eins og undanfarin ár hefur þátttökuaðlögun verið sú aðferð sem við styðjumst við í aðlöguninni okkar og eru foreldrar því með allan tímann á meðan aðlögun stendur og sinna öllum þörfum barna sinna á meðan dvöl þeirra stendur í leikskólanum. Í október flutti svo eitt barn frá Stjörnunni yfir á Lindina og vorum við þá komin með 21 barn á deildina. Það var svo ekki fyrr en í lok janúar 2023 að tvö börn fluttu frá Lind yfir á Laut og tvö börn komu á Lindina frá Stjörnunni.

Börnin voru fljót að aðlagast og fóru fljótt að leika sér saman. Barnahópurinn var fjölbreyttur á Lindinni og vorum við með 5 fjöltyngd börn. Við notuðum TMT og vorum einnig með sjónrænt skipulag fyrir alla deildina. Eitt barn fékk stuðning í maí.

Fastir starfsmenn deildarinnar voru fimm en oftast þurfti að lána einn starfsmann vegna starfsmannaeklu annars staðar í húsinu. Einn starfsmaður hætti um áramót og fór í nám erlendis en þá fengum við nýjan starfsmann í hlutastarf í janúar 2023.

Foreldrakynning var haldin í enduðum september þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins og var hún vel sótt. Foreldraviðtöl voru svo haldin í byrjun nóvember. Starfsmaður sótti íslenskunámskeið í vetur og var það haldið einu sinni í viku í sal leikskólans.

Blæstundir dattu mikið niður þennan veturinn en við vorum dugleg að nota Lubba í samveru með öllum börnunum. Tveir starfsmenn tóku að sér að skipta Lubbastundum á milli sín. Við tókum fyrir hljóðin í-ú-v-j-h og þótti börnunum það mjög gaman. Þau börn sem ekki fóru í svefn hvíld fóru í söguhvíld í staðinn. Það voru sex börn sem voru í söguhvíld. Þar var bæði verið að hlusta á sögur og skoða bækur. Útbúið var nýtt horn fyrir innan fataklefa barna sem fékk nafnið Friðheimar og vorum við dugleg að nýta okkur það svæði á meðan svæðaleik stóð milli 15-16. Þá nýttum við öll rými deildarinnar sem og Friðheima.



Við höldum áfram með aðferð sem við köllum gæðalestur. Samkvæmt Miðju máls og læsis hentar þessi aðferð vel yngri deildum leikskóla. Þá fer kennari inn í herbergi með 4 börn í einu og les fyrir þau eina bók sem hentar aldri þeirra. Fyrst er bókin lesin fyrir allan hópinn og því næst fyrir hvert og eitt barn sem situr þá í fangi kennara. Hin börnin sitja og hlusta aftur eða skoða aðrar bækur á meðan. Teljum við að þessi aðferð henti börnunum mjög vel enda er þetta stutt og notaleg stund sem felur í sér mikið nám og lærum um leið að umgangast bækur. Börnin voru alltaf spennt að koma inn í gæðalestur og skiptu kennarar stundunum á milli sín. Þessar stundir voru ekki fastar en við reyndum að koma þeim við á hverjum degi.

Við nýttum okkur salinn einu sinni í viku, á föstudögum, þar sem við vorum með skipulagðar hreyfistundir. Þá var barnahópnum skipt upp í minni hópa þar sem einungis 6 börn voru í hverjum hóp. Eftir páska tókum við þátt í flæði innan leikskólans sem gengur út á að börn þriggja elstu deildanna fá að flæða frjáls um á milli deildanna. Við skiptum barnahópnum okkar upp í litla hópa og fór starfsmaður með hverjum hóp í heimsókn á eina deild.

6.2 Innra mat Lindarinnar

Sé farið yfir umbótaþætti síðasta árs má sjá að það er ýmislegt sem betur hefði mátt fara. Erfiðlega gekk að halda skrá yfir það sem gert var í vetur. Lubbastundir gengu vel og voru tveir starfsmenn sem skiptu þeim stundum á milli sín. Við einblíndum á máhljóðin í-ú-v-j-h og gekk það mjög vel. Við æfðum okkur í lögunum og skoðuðum myndir sem tengdust tilteknu máhljóði. Voru börnin mjög áhugasöm um Lubba. Blæ stundir gengu ekki vel þennan veturinn og munum við stefna að úrbótum næsta haust. Kennarar voru duglegir að nota tákni með tali bæði dagsdaglega og í samverum. Gæðalestur gekk vel.

Umbótaáætlun var ekki sýnileg fyrir starfsmenn og skrifast það algerlega á deildarstjóra. Erfiðlega gekk að uppfylla umbótaþáttinn um deildarfundir en þó náðum við nokkrum yfir veturinn. Það gekk betur þegar við náðum að hafa styttri fundir á sama degi, þ.e. þegar bæði Lind og Stjarna funduðu sama dag. Voru þá öll börnin inni og var opið á milli beggja deildanna. Mikil fjarvera kennara (bæði á Lind og Stjörnu), ýmist vegna veikinda, námskeiða eða annara ástæðna, var helsta ástæða þess að erfitt var að hafa skipulagða deildarfundir. Vonandi gengur það betur á næsta skólaári. Vegna skorts á deildarfundum var erfitt að meta hina ýmsu umbótaþætti sem stefnt var að síðasta vetur.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi (og málörvun)	Að fara dýpra í Lubba og hver máhljóð. Hver deild einblínir á færri máhljóð og gerir verkefni út frá þeim.	Að skipta máhljóðum á milli deilda þannig að hver deild geti einblínt á ákveðin máhljóð og svo tekur næsta deild við. Lindin ætla að sjá um máhljóðin í-ú-v-j-h-e.	Deildarstjóri og sá kennari sem sér um Lubba.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að börnin inniðessi 6 hljóð sem Lindin er með og læri lögin.
Blær/Jákvæður agi	Efla sjálfstraust/-stæði og félagsfærni í samblandi við Blæ. Bæta inn í hugmyndafræði Jákvæðs aga.	Börnum skipt í litla hópa þannig að hvert barn fái a.m.k. eina Blæstund í viku.	Deildarstjóri og sá kennari sem sér um Blæ.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að börnin öðlist aukinn skilning á eigin tilfinningum/líðan sem og annarra.
TMT (tákn með tali)	Að efla málþroska barnanna og jafnvel flýta máltöku þeirra. Einnig að kennarar verði óhræddir við að nota táknin í daglegu starfi.	Með því að nota táknin í daglegu tali. Hvetja kennara til að kynna sér rétt tákn og nota þau dags daglega.	Deildarstjóri	Sept. 2022	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Eykur tjáskiptaleiðir barnanna og eflir málþroska þeirra. Eykur einnig öryggi starfsmanna til að tjá sig við öll börnin.
Gæðalestur	Halda áfram með gæðalestur og ýta undir lestraráhuga barnanna.	Kennarar skipti á milli sín dögum fyrir slíkar stundir. Sett verður upp skipulag þar sem hver kennari getur séð hvaða daga hann á. Valdar verða bækur sem hentar hækkandi aldri barnanna. Einungis 4-5	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Eykur áhuga barnanna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á máltöku þeirra. Gæðastund með kennara.



		börn verða saman í hóp í einu.					
Skýrari markmið	Hafa markmið næsta skólaárs sýnilegri.	Hafa umbótaáætlun sýnilega fyrir alla starfsmenn.	Deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Farið reglulega yfir umbótaáætlun með starfsfólki deildarinnar yfir veturinn (jafnvel á deildarfundum) til þess að athuga hvort settum markmiðum sé ekki örugglega náð.	Umbótaáætlun á að vera lifandi skjal og eykur það öryggi starfsfólks að vita að hverju við stefnum á komandi skólaári.
Samvera	Hafa tvær samverur	Hafa annarsvegar sögusamveru og hinsvegar söngsamveru. Börnum verður skipt í tvo hópa og skiptast þeir á að vera í sögu- eða söngsamveru.	Deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að samverurnar verði rólegri og yfirvegaðri og sama má segja um börnin.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundir og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allt starfsfólk sé mætt eða ekki.	Deildastjórar Lindar/Stjórnun	Sept. 2023	Júní 2024	Allt starfsfólk deildarinnar ræðir saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs- umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðara starfsfólk.



7 Stjarnan

7.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Stjörnunnar um starfið á síðasta ári

Síðustu ár hafa deildarstjórar Stjörnu og Lindar skipt með sér deildum og fylgt sínum barnahópi eftir svo mögulegt væri að fylgjast með þeim þroskast og dafna lengur en einungis eitt skólaár. Skólaárið 2020-2021 var tekið á móti nýjum börnum á Stjörninni og fluttu svo starfsmenn og börn yfir á nýja deild, Lindina, skólaárið 2021-2022. Þá um haustið fluttu starfsmenn Lindarinnar aftur yfir á Stjörnuna og tóku á móti nýjum barnahópi.

Barnahópurinn var fjölbreyttur eins og undanfarin ár og voru sex fjöltyngd börn á deildinni. Með þessum fjölbreytta hópi reyndist vel að nota tákni með tali og var einblínt á að nota tákni yfir helstu athafnir fyrst um sinn. Tákni með tali hefur reynst okkur afar vel og eru börnin alla jafna fljót að tileinka sér þessa óhefðbundnu tjáskiptaleið. Okkur fannst gaman að sjá hvað þau gripu tákni og eru dugleg að nota þau.

Aðlögun var frekar lengi þennan veturinn en síðustu börnin komu í aðlögun þann 27. mars 2023. Eins og undanfarin ár hefur þátttökuaðlögun verið sú aðferð sem við styðjumst við í aðlöguninni okkar og eru foreldrar því með allan tímann á meðan aðlögun stendur og sinna öllum þörfum barna sinna á meðan dvöl þeirra stendur í leikskólanum. Í fyrsta skipti í langan tíma reyndum við að hafa foreldra með í fyrstu hvíld barnanna en það gekk ekki vel. Foreldrum finnst óþægilegt ef barnið þeirra grætur og telja að barnið sitt hafi truflandi áhrif á önnur börn. Því höfum við ákveðið að foreldrar séu ekki með í hvíld því hvíldin hefur yfirleitt gengið miklu betur án aðkomu foreldra.

Fyrsta aðlögunin var þann 25. ágúst en þá byrjuðu fimm börn á Stjörninni. Næsta aðlögun var 29. ágúst og þá byrjuðu tvö börn. Eitt barn byrjaði svo 6. september. Út september vorum við því með átta börn á Stjörninni. Þann 3. október bættust svo sjö börn við og héldum við að með þessu væri aðlögun formlega lokið. Svo varð ekki raunin og fljótlega urðu breytingar í barnahópnum. Eitt barn flutti á Lindina í lok október og nýtt barn hóf í kjölfarið aðlögun á Stjörninni. Eftir þessa breytingu var smá pása í flutningum og aðlögun og jólastúss fór að taka við. Eftir áramót urðu svo fleiri breytingar á deildinni. Önnur tvö börn fluttu á Lindina í lok janúar og þann 1. febrúar hóf eitt barn aðlögun hjá okkur. Eins og fram kom hér að ofan var síðasta aðlögun þann 27. mars en þá komu tvö börn til okkar á Stjörnuna. Í byrjun apríl vorum við því með samtals 16 börn á Stjörninni. Eitt barn fékk formlega stuðning í mars en kennari var byrjaður að sinna því barni töluvert áður.

Starfsmenn Stjörnunnar voru fjórir í vetur en hefðu mátt vera fimm vegna stuðnings. Nýr kennari hóf störf þann 11. október. Hún er með diplóma í öldrunartækni og dáleiðsluþjálfari og kemur frá Portúgal.



Um miðjan september sótti deildarstjóri námskeið á vegum Menntafléttunnar sem heitir *Málörvun með sögum og söng* og var markmiðið að styðja við þátttakendur, námssamfélög þeirra og teymi í að efla málþroska barna í gegnum sögur og söng. Þátttakendur lærðu einnig að nýta þróunarhring sem styður við samtal um innleiðingu breyttra starfshátta í námi og kennslu. Eftir áramót hóf deildarstjóri einnig mastersnám í íslenskukennslu. Kennari með stuðning sótti eins dags námskeið í náttúrulegri kennslu í febrúar, tveggja daga námskeið í atferlisíhlutun í mars og hálf dags námskeið í skráningu og þjálfun um miðjan apríl.

Eitt barn fór í einhverfugreiningu hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð og voru haldnir reglulegir teymisfundir í kringum það barn. Tvö börn fengu ráðgjöf frá MatRáð.

Til að hlúa að lýðræði barnanna höfum við einblínt á líðan þeirra og reynt að mæta þörfum barnanna eftir bestu getu. Erfitt er að vera með rýnihópa barna á þessum aldri, þar sem mörg þeirra hafa einungis fá orð til að styðjast við eða jafnvel engin. Með því að vera vakandi fyrir líðan barnanna á deildinni framkvæmdum við smávægilegar breytingar á uppröðun húsgagna, leikfanga úrvali og fleiru og gátum þannig haldið rýminu spennandi fyrir þau.

Ákveðið var að halda áfram með aðferð sem við köllum gæðalestur. Samkvæmt Miðju máls og læsis hentar þessi aðferð vel ungbarnadeildum leikskóla. Þá fer kennari inn í herbergi með 4 börn í einu og les fyrir þau eina bók sem hentar ungum aldri þeirra. Fyrst er bókin lesin fyrir allan hópinn og því næst fyrir hvert og eitt barn sem situr þá í fangi kennara. Hin börnin sitja og hlusta aftur eða skoða aðrar bækur á meðan. Teljum við að þessi aðferð henti börnunum mjög vel enda er þetta stutt og notaleg stund sem felur í sér mikið nám og lærum um leið að umgangast bækur. Börnin voru alltaf spennt að koma inn í gæðalestur og skiptu kennarar stundunum á milli sín. Þessar stundir voru ekki fastar en við reyndum að koma þeim við á hverjum degi.

Blæstundir áttu ekki fastan tíma heldur var reynt að grípa í Blæ þegar færi gafst. Oftast var það á fimmtudögum þegar deildin á tíma til að leika sér í salnum á efri hæð hússins. Þá var barnahópnum skipt í minni hópa og auðveldara að nýta þann tíma í allskonar verkefni og skemmtilegar stundir.

Á fimmtudögum voru einnig jógastundir og sá deildarstjóri um þær. Í jógastundum voru í mesta lagi 4 börn í einu. Börnin settust á jógadýnur og vorum við með rólega jógatónlist í bakgrunni. Börnin lærðu tvær mismunandi öndunaræfingar og var uppáhaldsöndunaræfingin þegar þau þurftu að halda á „bolla“ og blása á heitt kakó. Svo æfðu börnin sig í að sitja í fiðrildastöðu (þar sem iljar snertast) og flugum við þannig um heima og geima. Einnig æfðum við stöðurnar *hundurinn* og *slangan*. Á meðan við vorum í hundinum töldum við upp í 10 og voru flest börnin mjög dugleg, bæði að halda stöðunni og að telja upp í 10. Sum börn voru ekki viljug að fara í sumar stöður en þá sátu þau bara og fylgdust



með. Börnin voru alltaf til í að koma inn í jóga og fannst þeim þessar stundir mjög skemmtilegar. Reynt var að hafa jógaundirnar sem rólegastar og gekk það mjög vel. Okkur langar að halda áfram með jógaundir með nýjum börnum næsta haust.

Við höldum áfram með Lubba og var hann yfirleitt notaður í samverustundum. Farið var yfir fyrstu fimm hljóð bókarinnar. Deildarstjóri sá oftast um samverur í hádeginu og notaði þá oftast myndir sem hægt er að setja á segultöflu svo börnin skilji betur hvað er í gangi. Allar samverur byrjuðu á því að setja upp sjónrænt dagskipulag. Sandra Björk Aðalsteinsdóttir og Kristín Birta Bjarnadóttir skrifuðu lokaverkefni til B.Ed. prófs (júní 2023) sem heitir *Samveruhandbók fyrir yngstu börnin í leikskólanum. Málörvun*. Í þessari samveruhandbók eru settar fram ýmsar hugmyndir að lögum, verkefnum og hreyfistundum fyrir samverur ásamt myndum sem kennarar eru hvattir til að nýta sér í samverum með yngstu börnunum. Einnig kemur fram hvernig gott er að setja upp samverustund. Með þessari samveruhandbók ættu allir að geta verið með samveru óháð því hversu lengi þeir hafa unnið á leikskóla. Þessa samveruhandbók studdist deildarstjóri við og nýtti sér áður nefndar myndir og kom það mjög vel út. Samverustundirnar verða áhugaverðari og börnin ná að fylgjast betur með. Skemmtilegast finnst börnunum þegar þau fá sjálf að draga myndir úr poka og setja á töfluna.



7.2 Innra mat Stjörnunnar

Það var margt sem gekk vel hjá okkur á Stjörnuni á skólaárinu sem er að líða en það var líka margt sem mátti gera betur.



Við skiptum barnahópnum iðulega upp í minni hópa enda fundum við strax hvað börnunum leið mun betur í minni hópum. Gæðalestur og könnunarleikur fór fljótt af stað eða í lok september. Lubbastundir fóru fram í samveru með öllum börnunum. Við á Stjórnunni einblíndum á fyrstu 5 hljóðin og gekk það mjög vel. Jógastundir voru einu sinni í viku og fannst börnunum það mjög gaman.

Reynt var að setja upp sjónrænt dagskipulag fljótlega í upphafi vetrar en börnin rifu það alltaf niður og kennarar voru ekki nógu duglegir við að setja það upp aftur. Því var farin sú leið að setja upp dagskipulag í hádegissamveru. Blæstundir voru fáar yfir veturinn og ekkert mat á deildarfundum fór fram, en börnunum þótti hinsvegar mjög skemmtilegt að leika með Blæ bangsana sína yfir daginn og sóttu iðulega í þá.

Mikil fjarvera kennara (bæði á Stjörnu og Lind), ýmist vegna veikinda, námskeiða eða annara ástæðna, var helsta ástæða þess að erfitt var að hafa skipulagða deildarfundir. Vonandi gengur það betur á næsta skólaári. Vegna skorts á deildarfundum var erfitt að meta hina ýmsu umbótaþætti sem stefnt var að síðasta vetur.

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vináttuverkefnið Blær/Jákvæður agi	Efla sjálfstraust og félagsfærni barna. Að börnin viti hver Blær er og hvernig við getum notað hann.	Vera með litla hópa í Blæstundum.	Deildarstjóri og sá sem sér um Blæ.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að læra að virða náungann. Að börnin læri á tilfinningar sínar og annarra.
Lubbi og TMT (tákn með tali)	Nota TMT og Lubba í samveru. Að fara dýpra í Lubba og hvert málhjóð.	Nota táknin í daglegu tali. Hvetja kennara til að kynna sér rétt tákn og nota þau dags daglega. Stjarnan ætlar að æfa sig í eftirfarandi hljóðum Lubba: a-m-b-n-d.	Deildarstjóri og sá sem sér um Lubba.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Fá börnin til að taka meiri þátt í samveru og til að efla málþroska barnanna og samskipti þeirra.
Gæðalestur	Að börnin fái gæðalestur í litlum hópum og einkalestur með kennara.	Kennarar skipta dögum á milli sín og taka litla hópa í einu (4-5 börn). Valdar	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Eykur áhuga barna á yndislestri og hefur jákvæð áhrif á



		verða bækur sem henta aldri barnanna.					bókaáhuga barnanna.
Jógastundir	Að börnin fái rólega jógastund einu sinni í viku	Stundirnar verða einu sinni í viku og mun deildarstjóri sjá um þær. Börnin verða aldrei fleiri en 4 í hóp.	Deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Deildarstjóri skráir hjá sér árangur barna jafnt og þétt yfir veturinn.	Að börnin læri að róa sig niður í erfiðum aðstæðum í gegnum öndun og læri að slaka á í amstri dagsins. Börnin læri mismunandi jógastöður sem styrkja jafnvægi, samhæfingu og einbeitingu.
Sjónrænt dagskipulag	Taka upp sjónrænt dagskipulag strax um haustið og vinna með það yfir allan veturinn.	Búið er að gera dagskipulagið. Allir starfsmenn þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsins og nota það daglega.	Deildarstjóri og allir kennarar á deildinni.	Sept. 2023	Júní 2024	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur.	Að börnin viti hvað er að gerast yfir daginn og verði öruggari í leikskólanum.
Deildarfundir	Hafa reglulegri deildarfundir.	Gera skipulag yfir hvenær við ætlum að halda deildarfundum og halda okkur við settan tímaramma sama hvort allir starfsmenn séu mættir eða ekki.	Deildarstjórar Stjórn og Lindar.	Sept. 2023	Júní 2024	Allir starfsmenn ræða saman um hvernig fundir hafa gengið í lok vetrar. Gera fundargerð eftir hvern fund.	Betra starfs- umhverfi og skýrari vinna innan deildar. Jákvæðari starfsmenn.
Skýrari markmið	Hafa markmið næsta skólaárs sýnilegri.	Hafa umbótaáætlun sýnilega fyrir alla starfsmenn.	Deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Farið reglulega yfir umbótaáætlun með starfsfólki deildarinnar yfir veturinn (jafnvel á deildarfundum) til þess að athuga	Umbótaáætlun á að vera lifandi skjal og eykur það öryggi starfsfólks að vita að hverju



						hvort settum markmiðum sé ekki örugglega náð.	við stefnum á komandi skólaári.
--	--	--	--	--	--	---	---------------------------------

8 Stutt greinargerð deildarstjóra um starf með elstu börnunum á síðasta ári

Elstu börnin í Geislabaugi köllum við Meistara. Meistararnir eru á þremur deildum (Fjalli, Laut og Sól). Verkefnastjóri elstu barna fer á milli deilda og vinnur með börnin inni á deildunum og í salnum.

Undanfarin ár hafa elstu börnin verið á tveim deildum og því var alveg nýtt að þau væru á þremur deildum. Verkefnastjórinn var einn heilan dag í viku á hverri deild. Haustið hjá Meisturum byrjaði vel, þar sem farnar voru lengri og styttri ferðir. Meistararnir fóru á námskeiðið *Hugrakkir krakkar* í Húsdýragarðinum. Einnig var okkur boðið í Grasagarðinn til að setja niður túlípanalauka sem við fylgdumst svo með stækka um vorið. Börnunum var boðið á sýningu í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og á símfóniútónleika í Hörpunni. Grasagarðurinn bauð okkur til sín í aðventustund í desember. Einnig fórum við á sýningu í Ljósmyndasafninu. Allir Meistarar (Sól, Laut og Fjall) fóru saman í þessar ferðir.

Íþróttafélagið Fram er í samstarfi við leikskóla í Grafarholti og eru með æfingar einu sinni í viku fyrir elstu börnin. Foreldrar greiða gjald fyrir þessar æfingar. Æfingar voru í Sæmundarskóla alla föstudagsmorgna.

Í gegnum árin hefur verið gott samstarf á milli Geislabaugs, Sæmundarskóla og Ingunnarskóla. Að hausti eru skipulagðar skólaheimsóknir einu sinni í mánuði fyrir þau börn sem eru að fara í þá skóla. Þar fá börnin góðan undirbúning fyrir grunnskólagönguna, kynnast húsnaðinu, starfsfólkinu og menningunni í skólanum.

Öll elstu börnin fara í Meistarastarf einu sinni í viku. Þar eru þau að vinna bæði einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni. Eitt verkefnið í þessum stundum er að fara í gönguferðir um hverfið og fara fyrir utan heimili allra barnanna. Einnig eiga þau verkefnabækur sem þau nota í þessum stundum.

Hvert barn fer einu sinni í viku í leikjastund í salnum. Þar eru sungin lög, málörvunarleikir og samvinnuverkefni eru leyst. Í lokin á öllum stundum er farið í hina ýmsu hreyfileiki. Bæði á haustin og vorin fá þau umferðafræðslu sem unnin er í samstarfi við Umferðastofu.

Inni á deildum er spilað með börnunum spil sem reynir á alla þroska þætti þeirra.



Öll börn fara í Hljóm 2 að hausti. Þau börn sem fá heildarstig undir meðallagi hittast einu sinni í viku frá október til lok febrúar í 30-40 mínútur með kennara. Þau fara saman í verkefni sem efla hljóðkerfisvitund, allt er gert í gegnum leik þannig að börnunum líði sem best og fái góða upplifun.

Myndlistaskóli Reykjavíkur var með námskeið fyrir öll elstu börnin í húsnæði sínu að Hringbraut 121. Farið var á tímabilinu 9. janúar – 6. febrúar 2024. Hvert barn fór í fimm tíma. Eftir endurmat hjá börnunum í lok námskeiðs vildu þau hafa sýningu á verkunum sem þau gerðu í myndlistaskólanum og átti sýningin að vera þegar sumarið væri alveg að koma. Hún var haldin í sal leikskólans þann 8 maí. Börnin bjuggu til boðskort og sýndu verkin bæði úr myndlistaskólanum og Meistarastarfi.

8.1 Innra mat frá deildastjóra elstu barna

Þetta er þriðji skólaveturinn sem þetta starf er. Gekk það mjög vel, bæði kennarar og börn voru ánægð með starfið. Þar sem börnin eru á þremur deildum þá kynnast þau betur og samvinna þeirra verður meiri. Þetta er góður stuðningur fyrir allar deildar, að einn kennari komi og sjái um ákveðnar stundir með elstu börnunum.

Allar ferðir utan hverfis gengu mjög vel og á öllum stöðum var tekið vel á móti börnunum. Börnunum fannst sérstaklega gaman að fá póst frá starfsmönnum Grasagarðsins þar sem þau sendu myndir af túlípönunum þegar þeir voru að byrja að vaxa. Við ætlum að halda áfram að vera opin fyrir öllum þeim heimsóknum sem okkur er boðið að koma í á næsta skólaári.

Gönguferðirnar sem farnar voru í haust þar sem við skoðuðum hvar allir eiga heima voru mjög skemmtilegar og börnin stóðu sig mjög vel í þeim. Næsta skólavetur langar okkur að fara enn fleiri ferðir um okkar fallega nærumhverfi.

Skemmtilegt samstarf við íþróttafélagið Fram hefur verið í nokkur ár og gengið vel. Allir Meistarar voru skráðir í þetta verkefni fyrir áramót en 19 börn af 21 voru skráð eftir áramót.

Skólaheimsóknir í grunnskólana hafa gengið vel og börnin eru alltaf spennt að heimsækja sína skóla. Það var vel tekið á móti börnunum, allt vel skipulagt þar sem börnin fengu að kynnast og skoða allt það sem bíður þeirra í upphaf grunnskólagöngu. Með þessu samstarfi eru börnin öruggari með hvað er fram undan hjá þeim við lok leikskólagöngu.

Meistarastarf hefur gengið vel. Við breyttum fyrirkomulaginu í þessum stundum. Þennan vetur voru börnin í þremur hópum þvert á deildar. Með þessu móti náðu þau að kynnast betur og mynduðu betri tengsl við hvert annað. Börnin voru mjög ánægð með þetta fyrirkomulag. Við náðum að halda þessum stundum í hverri viku og unnum vel með börnunum. Í Meistarastarfi unnum við mörg verkefni sem



reyna á einbeitingu, úthald og sköpun. Í mati frá starfsfólki kom fram að þeim fannst sérgreinakennarinn ekki nýtast nógu vel þegar tvö til þrjú börn fóru af deildinni með honum. Því var ákveðið fyrir næsta skólavetur að börnin sem eru saman á deild séu saman í Meistarastarfi á þeim degi sem verkefnastjórinn er á viðkomandi deild.

Í leikjastund var hópnum blandað vel saman frá öllum deildum, það reyndist vel. Í þessum stundum nutu börnin sín vel og lærðu marga leiki og voru mjög áhugasöm. Börnin biðu með eftirvæntingu eftir þessum stundum og spurðu ósjaldan hvenær þau færu næst í leikjastund. Í þessum stundum kynnst þau enn betur á milli deilda.

Hljóm 2 gekk vel. Tvö börn komu undir meðaltali, sérgreinakennari þeirra tók stundir með þeim til að efla hljóðkerfisvitund og gekk það vel. Þau tóku bæði miklum framförum, börnin fengu það mörg stig að þau komust yfir meðaltal í seinni skimun.

9 Greinagerð hreyfistunda

9.1 Innleiðing hreyfistunda í leikskólanum Geislabaugi

Hreyfiáætlun var byggð upp eftir *Young Athlete Program (YAP)*, sem er alþjóðaverkefni unnið af *Special Olympics* í samstarfi við háskólann í Boston. Markmiðið með YAP er að stuðla að snemmtækri íhlutun á sviði hreyfifærni, fyrir öll börn, sérstaklega fyrir börn með sérþarfir eða frávik. Hreyfiáætlunin leggur áherslu á hreyfingu barna á aldrinum tveggja til sjö ára. Börnin eru kynnt fyrir íþróttum og hreyfingu þar sem unnið er með að styrkja grunníþróttahæfileika þeirra eins og hlaupa, sparka og kasta. Börnin læra að leika við aðra, deila með öðrum, skiptast á og fylgja leiðbeiningum. Starfið er skemmtileg leið til að auka áhuga barna á hreyfingu, styrkja félagfærni og byggja upp heilbrigðar venjur fyrir framtíðina.

9.2 Uppsetning og framkvæmd

Hreyfiáætlun var sett upp þannig að öll börn á leikskólanum fengu einn skipulagðan íþróttatíma á viku. Útbúin var kennsluáætlun fyrir árið sem var aðlöguð að aldri og getu barnanna. Unnið var þvert á deildar með þrjár eldri deildarnar og var börnunum skipt niður í hópa eftir aldri og voru sex börn í hverjum hóp fyrir utan einn þar sem þau voru fleiri. Á tveimur yngri deildunum var unnið með hverja deild fyrir sig og voru fjögur til fimm börn í hóp. Byrjað var að vinna með grunnfærni og svo var flóknari færni hægt og rólega bætt inn. Hreyfimat var framkvæmt einu sinni yfir skólaárið á eldri deildum til þess að sjá hvar og hvernig börnin standa í hreyfigetu. Í hverri viku var unnið með sérstakan áherslupátt eins og hopp, hlaup, kast og var útbúinn tímaseðill sem unnið var eftir. Hver tími var 35 mínútur að lengd og er tíminn settur upp sem leikur þar sem áhersla er lögð á ákveðinn þátt. Tímarnir byrjuðu á því að skapa skemmtilega 5 mínútna upphitun með ýmsum leikjum, hreyfingum, söng og dansi. Eftir



upphitun tóku við 20-25 mínútur af skipulagðri hreyfingu, sem getur verið þrautabraut með aðaláherslu á einn þátt sem verið er að vinna með að styrkja eins og jafnvægi, hoppa, hlaupa, kasta, boltaleiki þar sem við vinnum meðal annars með samhæfingu handa og fóta, hlaupaleiki og leiki sem styrkja hugsun og félagsfærni. Í lokin voru svo 5-10 mínútur í niðurlag þar sem við enduðum tímann á rólegri leik, söng, dans, teygjum og spjölluðum saman um tímann.

Einnig fengu börn með einhverskonar frávik; einhverfuróf, ADHD og slök hreyfifærni, 20 mínútur einu sinni í viku í aukþjálfun. Börnin voru yfirleitt tvö saman til að fá útrás, unnið var með athygli, styrkleika og veikleika. Börnunum var kennt að einbeita sér að tilteknum hlut eða verkefni og fara eftir fyrirmælum, hverju átti að byrja á og hvað kemur næst.

9.3 Innra mat hreyfistunda fyrir skólaárið 2023-2024

Námið verður að mestu leiti sett upp á sama hátt og á síðasta skólaári, þó með örfáum breytingum. Byrja má á því að stækka hópana af eldri deildunum úr 6 börnum í 8 börn. Þannig náum við að nýta tímann og salinn betur, ásamt því að þá er öruggara að við náum að fara eftir tímasæðli með nægilega mikið af börnum í hverjum tíma. Betra væri ef hver hópu starfskraftur deildunum betur með því að taka átta börn af deildunum og hafa tvö til þrjú börn í einu. Hreyfimat mun fara fram tvisvar sin staðinn fyrir einu sinni, þá í byrjun skólaárs og í lok skólaárs (sem átti að gerast þetta skólaár líka en það einfaldlega tókst ekki). Þetta er barna með frávik betur, ná að halda tímum alveg einu sinni í viku og einu sinni aðra til þriðju hverju viku, eins og raunin varð oft á síðasta tíma.



10 Greinagerð listasmiðjustjóra

Fjórða starfsár listasmiðjunnar fór í gang um haustið 2022. Haustið fór vel af stað og var mikil bjartsýni að ná að halda óslitnu skólastarfi þennan vetur án allra takmarka og tilfæringa vegna sóttvarna. Fyrirkomulagið var að mestu hið sama og veturinn á undan. Hver deild í leikskólanum fékk úthlutaðan einn dag í viku í listasmiðju. Eftir endurmat síðasta vors var gerð ákveðin breyting á skipulagi sem fól í sér að draga úr fyrir fram ákveðinni hópaskiptingu innan deildar. Var þetta gert til að draga úr hraða og hugmyndin var að börnin fengju að stýra því meira hversu lengi þau voru í listasmiðjunni hverju sinni, eftir eigin áhuga. Þetta fyrirkomulag reyndist vel í vetur og mátti greina minni hraða og meiri dýpt í starfinu. Elstu börnin fengu þó ekki alltaf allan þann tíma sem þau hefðu kannski viljað vegna anna. En mikið skipulagt starf er í kringum elsta árganginn, meistarastarf, þau fara í alls kyns ferðir á viðburði og einnig eru þau í skipulögðum hreyfistundum. Stundum skaraðist þetta á og því urðu skiptin í listasmiðjunni hjá þeim stundum færri. En þetta er í stöðugri þróun eins og annað starf innan leikskólans, krefst útsjónarsemi að púsla öllu saman.

Á tveimur yngstu deildunum var unnið með grunninn eins og síðustu ár. Aðal áherslan lögð á skynjun, snertingu, sjónrænan þátt og uppgötvun á efnivið og umhverfinu. Á yngstu deildinn, Stjörnunni, i var mest unnið inn á deildinni í því umhverfi sem þau bekkja og eru örugg í. Á Lindinni var einnig mikið unnið inn á deildinni, en smá áramótin. Á þremur eldri deildunum ok um haustið og færa listasmiðjuna að mestu inn á ja starfsfólk deildanna til þátttöku í skapandi starfi og ið um helmingur deildarinn fór út og hinn heli ágætlega framan af og vonandi hefur það kveikt eini ndi starf áfram. Eftir áramótin færðist listasmiðja miðju fram í maí en þá tók ég við starfi sem deildarstjóri sinni en við stefnum á skapandi starf innan allra de





11 Innra mat sérkennslu

11.1 Greinagerð sérkennslustjóra

Umfang sérkennslu í Geislabaugi skólaárið 2022- 2023 var mikið líkt og síðustu ár. Lögð var áhersla á að allir starfsmenn deildanna væru meðvitaðir um markmið og þarfir þeirra barna sem voru með einstaklingsnámskrá en ekki bara stuðningsaðilarnir. Sama á við um þarfir þeirra barna sem þurftu viðbótar athygli að einhverju tagi án þess þó að þurfa einstaklingsáætlun. Liður í því var að fá fræðslu frá fagaðilum á Austurmiðstöð á tveimur starfsdögum. Við fengum fyrirlestur um einhverfu og svo fyrirlestur um aðferð sem heitir „Náttúrleg kennsla“ sem snýst um að grípa tækifærin sem myndast til þjálfunar í daglegu starfi. Tveir kennarar fóru einnig á lengra námskeið um náttúrulega kennslu og eftir það var eftirfylgd frá sálfræðingunum og atferlisfræðingunum sem héldu námskeiðið. Náttúruleg kennsla er eitthvað sem við hyggjumst nýta okkur enn frekar þar sem við erum strax farin að sjá árangur af því að nota aðferðina.

Það er ekki talað um fjölda úthlutaðra tíma í stuðning lengur heldur magn fjármagns, en eins og við máttum tímafjöldann þá var hann um 61 klst. á dag. Þrjú börn voru með stuðning úr fyrsta flokki og níu börn með mismikið fjármagn úthlutað.

Eftir sumarfrí mun tímafjöldinn lækka aðeins en ef mögulegar breytingar á úthlutunarkerfinu ganga í gegn í haust mun tímafjöldinn hækka töluvert.

Við hófum að nota tvö ný forrit þetta árið, *Widgit* og *ABLIS* og þykir okkur þau bæði hafa reynst okkur mjög vel. Í *Widgit* getur maður búið til og geymt allskonar verkefni og sjónrænt skipulag, sem er einmitt mikið notað hjá okkur. Allir leikskólar Reykjavíkurborgar eru með aðgang að *Widgit* og geta deilt verkefnum sínum á milli. Þarna skapast mikill tímasparnaður, bæði með því að vera með allt það sem við notum mest tilbúið og líka ef annar leikskóli er þegar búinn að útbúa eitthvað sem okkur kannski vantar. Verið er að byggja upp gagnabankann og er það eitt að markmiðum okkar fyrir komandi ár að leggja okkar af mörkum þar.

ABLIS er færnimatslisti á netinu sem við notum til að kortleggja stöðuna hjá barninu og fylgjast með framförum þess. Einstaklingsnámskrá er svo útbúin og uppfærð út frá niðurstöðunum. Það tók tíma að læra inná *ABLIS* en þegar við höfðum lært inn á forritið sáum við fljótt að það var þess virði að leggja tíma í. Keyptur er aðgangur fyrir þann fjölda barna sem áætlað er að nota færnimatslistann fyrir og síðastliðið ár vorum við með fimm aðganga. Við notum ennþá *AEPS* listann þegar hann á betur við en við munum halda áfram að nota *ABLIS* þar sem hann hentar.



Sérkennslustjórar og stuðningsaðilar fóru á ráðstefnur og námskeið síðastliðið ár. Sem dæmi má nefna: skipulögð kennsla – TEACCH, atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik, skráning og þjálfun, tákn með tali, náttúruleg kennsla, námskeið um Downs heilkennið, vorráðstefna Ráðgjafar- og greiningarstöðvar ásamt ýmsum námskeiðum tengdum farsældarlögunum og hlutverki tengiliðar.

Farsældarlögin eru í innleiðingarfasa hjá Reykjavíkurborg og fela í sér áframhaldandi snemmtæka íhlutun og frekari samþættingu þjónustu. Liður í því er að í hverjum leikskóla sé í boði fyrir foreldra að óska eftir tengilið. Tengiliður hefur þá leyfi til að hafa samband við þá þjónustuaðila sem gagnast barninu til að samþætta þjónustuna og finna þær leiðir sem gagnast barninu best. Sérkennslustjóri er oftast í hlutverki tengiliðar og er Unnur Rún Eðvaldsdóttir tengiliður Geislabaugs.

Í byrjun skólaárs var börnum sem þurftu á málörvun að halda vegna fjöltyngis, framburðarvanda og/eða seinkunar í málþroska, skipt í hópa og þau tekin út af deildum í málörvun. Þeim var skipt eftir getu og þvert á deildar eftir því hvar þau voru stödd og öll fengju þau kennslu við hæfi. Þegar liðið var á haustið var þetta endurmetið þar sem of oft gerðist að börnin voru tekin úr miðjum leik eða skipulögðu starfi. Þá var skipulagið endurmetið og kennari var inni á hverri deild fyrir hádegi einu sinni í viku og sinnti þeim börnum sem á þurftu að halda. Þá var hægt að sinna börnum í leik og á þeirra forsendum. Bæði börn og kennarar voru ánægð með það skipulag og átti að halda því út veturinn.

Þegar leið á skólaárið fór að vanta starfsfólk og því þurfti kennarinn sem sinna átti málörvun að hlaupa í störf annarra. Reynt var eftir bestu getu að halda málörvuninni og færa frekar annað starfsfólk til svo hægt var að halda inni lágmarks málörvun.

11.2 Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Í ár hófum við að vinna eftir aðferðum nýju farsældarlaganna sem fela, meðal annars, í sér að snemmtæk íhlutun skuli vera í forgangi sem og samþætting þjónustu við einstaklinginn.</p> <p>Við höfum hingað til verið að sinna snemmtækri íhlutun og verið í samskiptum við ýmsa aðila sem við koma barninu en með tilkomu laganna var skert á verklagi þessu tengdu. Meðal annars er nú í boði að barnið/foreldrar barns fái samþættingu þjónustu með „tengilið“ ef þau óska eftir því. Þessi tengiliður er með skriflegt leyfi frá foreldrum til að afla og veita viðeigandi upplýsingar um barnið milli þjónustuveitenda í því skyni að barnið fái þá þjónustu sem það þarf á að halda.</p> <p>Farsældarlögin kveða á um að hver leikskóli skuli hafa starfandi „lausnateymi“ sem hittist t.d. einu sinni í mánuði og býr til aðgerðaráætlun fyrir snemmtæka íhlutun fyrir þau börn sem á þurfa að halda. Ef sú áætlun</p>
--	--



	<p>reynist ekki vera nógu árangursrík og ekki hefur náðst árangur eftir þrjá mánuði er skoðað að kalla til ráðgjafa frá Austurmiðstöð. Það er gert í samráði við foreldra.</p> <p>Í okkar lausnarteymi sitja leikskólastjóri, sérkennslustjórar og fagstjóri elstu barna. Hugsunin er að við grípum strax inn í og útbúum einstaklingsáætlun fyrir barnið en bíðum ekki eftir að það komi að því á biðlistum. Vinna hefst um leið og við sjáum að barnið þurfi á aðstoð að halda. Við höfum verið að vinna þannig en núna er kominn skýrari rammi í kringum verklagið. Einnig fylgja breytingunum ný eyðublöð sem notuð eru til að kortleggja stöðu barnanna, sækja um frekari ráðgjöf, samþættingu o.fl.</p> <p>Í ár voru tveir sérkennslustjórar. Annar var sérkennslustjóri og tengiliður, í skilningi farsældarlaganna, og hinn var einnig fagstjóri málörvunar og tengiliður barna af erlendum uppruna.</p> <p>Sérkennslustjórar báru yfirábyrgð á skipulagningu sérkennslunnar í samráði við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Málafni hvers barns fyrir sig voru skipulögð og útfærð í samráði við stuðningsaðila hvers barns og deildarstjóra, en einnig eftir óskum foreldra. Fulltrúar Austurmiðstöðvar og Ráðgjafar- og greiningarstöðvar voru ráðgefandi eftir þörfum.</p> <p>Gott foreldrasamstarf er okkur mikilvægt og reynum við að upplýsa foreldra reglulega um stöðu mála. Auk þess eru haldnir teymisfundir á 6-8 vikna fresti fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. Foreldrar voru spurðir hvort þeim þætti þeir fá of litlar upplýsingar á slíkum fundum eða hvort þeir væru sáttir og fannst flestum þeir fá nægilegar upplýsingar á fundunum.</p> <p>Við héldum áfram að vera svo heppin að hafa skemmtilegan og fjölbreyttan barnahóp og teljum við það vera forréttindi, bæði fyrir starfsfólkið og börnin í Geislabaugi. Í ár þurfti sérstaklega mikið hugmyndaflug til að allir fengju það pláss sem þeir þurftu í vinnustundir og fundarhöld. Það tókst þó alltaf að leysa málin.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í <i>TRAS</i>, <i>AEPS</i>, <i>HLJÓM-2</i> og fl.</p>	<p><i>AEPS</i> listinn er ennþá notaður fyrir nokkur börn til að kortleggja stöðuna þeirra. Upp úr þeim niðurstöðum er svo unnin einstaklingsnámskrá. Einnig er tekið inn í einstaklingsnámskrána hvað sé í gangi í lífi barnsins hverju sinni.</p> <p>Markmið líðandi skólaárs var að læra á og nota færnimatslistann <i>ABLIS</i> og tókst það vel til. Fimm börn voru með <i>ABLIS</i> sem grunn að sinni einstaklingsnámskrá.</p> <p>EF12 er lagt fyrir öll börn á viðeigandi aldri.</p> <p>HLJÓM-2 er lagt fyrir öll börn á elsta ári.</p> <p>AHA skráningar.</p>



	<p>Smábarnalistinn og Íslenski þroskalistinn voru notaðir þegar óskað var eftir þeim sem fylgigögn.</p> <p>Við byrjuðum að nota lausnateymis-beiðnisblöð þar sem helstu þættir í getu og þroska barna eru kortlagðir á óformlegan hátt áður en málið er tekið fyrir á lausnateymisfundi.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Lærum og leikum með hljóðin, Lubbi, Blær, Orðagull, Orðaleikur, spil, púsl og forrit í ípad t.d. <i>Bitsboard</i> og <i>Puppet pals</i>.</p> <p>Við lærðum betur á <i>Widgit</i> og fengu allir stuðningsaðilar kennslu á forritið. Þar búum við til gagnabanka af efni fyrir sjónrænt skipulag; <i>PECS</i> og allskonar verkefni og spil.</p>

11.3 Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gagnabankinn <i>Widgit</i>	Notkun á gagnabankanum <i>Widgit</i> .	Auka við gagnabankann okkar svo að við séum með allt tilbúið og staðlað þegar á þarf að halda. Til dæmis sjónrænt dagskipulag sem hentar heim fyrir ákveðinn aldur og annað sem hentar í leikskóla. Kenna deildarstjórum á <i>Widgit</i> .	Sérkennslustjórar.	Ágúst 2023	Jan. 2024	Förum yfir gagnabankann í janúar og athugum hvort að við höfum deild viðeigandi gögnum.	Að í byrjun janúar 2024: Séum við með þau gögn sem við notum dagsdagleg a tilbúin í <i>Widgit</i> . Geti allir deildarstjórar nýtt sér <i>Widgit</i> á eigin forsendum.



Aukið upplýsingaflæði til kennara	Auka upplýsinga- flæði til kennara um þarfir hvers barns í snemm- tækri íhlutun.	Allir kennarar deildarinnar/ sem að barninu koma, þurfa að vera meðvitaðir um þarfir tiltekins barns. Kynna breytingar á deildarfundum.	Sérkennslu- stjórar, deildarstjóri barns og stuðningsaðili.	Ágúst 2023	Júní 2024	Málefnið tekið fyrir á starfsmanna- fundi.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.
Aukið upplýsingaflæði til foreldra	Auka upplýsinga- flæði til foreldra barna sem eru í snemm- tækri íhlutun. Nú á að nota nýtt form af fundar- gerðum og skulu foreldrar lesa yfir fundar- gerðina í lok fundar og kvitta undir samþykki á því sem þar stendur. Foreldrar skulu fá eintak með sér heim.	Hafa það skýrt að aðgengi sé að sérkennslustjór um í gegnum síma og tölvupóst. Hægt að bóka fundi ef vill. Láta foreldra alltaf vita ef utanaðkomandi aðili er að koma að hitta barnið á leikskólatíma. Byrja að nota nýja fundargerðar- formið.	Sérkennslu- stjórar og deildarstjóri viðkomandi deildar.	Júní 2023	Júlí 2024	Foreldrar tiltekinna barna spurðir hvort þeim finnst vanta uppá upplýsingaflæði.	Gengi endurmetið í okt., jan. og mars.



Náttúruleg kennsla	Auka enn frekar meðvitund allra kennara um náttúrulega kennslu.	Fræðsla hefur verið á starfsdegi og hafa nokkrir kennarar farið á námskeið. Við höfum séð mikinn árangur af því að nota náttúrulega kennslu og viljum efla færni allra kennara í að beita aðferðinni. Við munum senda fleiri kennara á námskeið og halda upprifjun um efnið á starfsmannafundum.	Sérkennslustjórar, deildarstjórar og stjórnendur.	Júní 2023	Júlí 2024	Á starfsmannafundi eða deildarfundum verður farið yfir með starfsfólki hvort þau upplifi sig örugg með að beita aðferðinni í daglegu starfi.	Gengi endurmetið í okt., jan. og mars.
Lausnablað	Senda lausnablaðið heim með börnum sem eru að nýta sér það í leikskólanum. Jafnvel senda það heim með öllum börnum eldri deildanna.	Kennum öllum börnum eldri deildanna að nýta sér lausnablaðið. Það er blað með myndum af leiðum sem hægt er að nota til að líða betur eftir að hafa verið í uppnámi. Verum dugleg að nota það í dags daglegu starfi. Kynnum það í foreldraviðtölum og bjóðum foreldrum að fá það með sér heim.	Sérkennslustjórar og deildarstjórar.	Ágúst 2023	Júlí 2024	Ígrundun kennara.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.



Lágmarka óþarfa áreiti	Passa uppá að lágmarka óþarfa áreiti í umhverfi. Það gagnast öllum börnum.	Allar deildar skulu vera með griðarstað. Bæði tjald/sambærilegt fyrir einveru og horn með borð og stól þar sem hægt er að vinna ýmis verkefni án truflunar. Peltorar skulu vera öllum börnum aðgengilegir. Það þarf að kynna peltorana og griðarstaðina fyrir börnunum.	Sérkennslustjórar, deildarstjórar og stjórnendur	Júní 2023	Júní 2024	Ígrundun kennara.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.
Yfirhalning á sérkennsluherbergi	Yfirhalning á sérkennsluherbergi og gögnum.	Gera herbergið hentugra fyrir vinnustundir. Auka úrval hluta sem líklegir eru að virka sem styrkir í þjálfun.	Sérkennslustjórar og stjórnendur.	Sept. 2023	Júní 2024	Athuga hvort börnum líði ekki vel í breyttu umhverfi.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.
Deildir taki einnig ábyrgð á málörvun	Að deildarnar taki aftur aukna ábyrgð á málörvun barna sinna.	Skipuleggja hvaða börn þurfa á sérstakri málörvun að halda og setja upp skipulag um hvenær sú málörvun fer fram. Allir starfsmenn á deildinni taka þátt.	Deildarstjórar og fagstjóri málörvunnar.	Sept. 2023	Júní 2024	Fagstjóri málörvunar og deildarstjóri funda saman um gengi málörvunar innan deildarinnar.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.



Aukin viðvera sérkennslustjóra inni á deildum	Auka viðveru sérkennslustjóra inni á deildum og í beinum samskiptum við börnin sem hann hefur afskipti af.	Skipta verkefnum niður á skýrari hátt svo tækifæri séu fyrir sérkennslustjóra að eiga meiri lausan tíma til að vera inni á deildum.	Sérkennslustjórar, deildarstjórar og stjórnendur.	Sept '23	Des '24	Skráningar. Viðmið um t.d. 5 tíma á viku inná deildum.	Gengi og aðferðir að markmiði endurmetnar í okt., jan. og mars.
---	--	---	---	----------	---------	--	---

12 Innra mat – fjöltyngd börn

12.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Sérkennslustjóri var að hluta verkefnastjóri fjöltyngdra barna. Til að byrja með var öllum börnum leikskólans skipt niður í hópa eftir getu og tekin út af deildinni. Sást þá að stundum var verið að taka þau börn úr skemmtilegum verkefnum og ákveðið að breyta. Kennarinn var þá inni á hverri deild fyrir sig einn morgun í viku og tók þau börn sem þurftu auka málörvun. Þá gafst tækifæri til að vinna með þeim í leik og þeirra náttúrulega umhverfi. Eins að grípa þau þegar hentaði börnunum best.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við höldum áfram að nota „Gefðu 10“ þar sem það hafði reynst vel á síðasta skólaári. Við fórum að nota þá aðferð á börn sem þurftu á auka málörvun að halda burt séð frá því hvort þau væru tvítyngd eða ekki. Við munum því halda þessari aðferð inni. Unnið er að því að skipta vetrinum niður í orðaþemu og þannig er hægt að vinna betur með hvern orðflokk. Til dæmis: leikskólinn, farartæki, matur og þess háttar.



<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Lesið er fyrir öll börn á hverjum degi bæði í hóp og fyrir einstaklinga. Samverustundir eru nýttar í allskonar leiki, samræður og söngva. Á sumum deildum er samverustundunum skipt upp og börn á svipuðum stað í málproska höfð saman. Þannig eru allir með dagskrá við hæfi og því verið að mæta þeim þar sem þau eru og málörvun skipulögð eftir því.</p> <p>Orðaforðalisti MMS var notaður til að fara markvisst yfir orðflokkan. Hver mánuður átti sinn yfirflokk og var þá unnið sérstaklega með þau orð. Myndir af orðunum voru límdar á gólfín á göngunum. Börnunum þótti gaman að skoða þær og sýna foreldrum sínum.</p> <p>Orðin voru hengd upp í forstofunni svo að foreldrar vissu hvaða orð leikskólinn væri að leggja áherslu á hverju sinni.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</p> <p>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Haustið 2021 byrjuðum við að nota:</p> <p><i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.</i></p> <p>Hæfnirammarnir skiptast í fjögur hæfnisvið:</p> <p>Tjáningarfærni, hlustunarskilning, hljóðkerfisvitund og læsi. Við ákváðum að leggja matið fyrir í sept., jan. og maí og fengum þá góða heildarmynd yfir stöðu barnsins. Ef framfarir eru hægar er snemmtæk íhlutun hafin í samráði við foreldra.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Reglulega er farið inn á deildarfundi þar sem farið er yfir mikilvægi málörvunar og að eiga samræður við börnin. Starfsfólk er meðvitað um að t.d. matartíminn, fataklefinn og gönguferðirnar eru ekki minni mikilvægur vettvangur fyrir málörvun heldur en skipulagðar málörvunarstundir.</p> <p>Minni samveruhópar eru í sumum tilfellum notaðir til að gefa öllum færi á að tjá sig og fá aðlagaða dagskrá. Fyrirmæli og hlustun er t.d. þjálfuð í gegnum allskonar leiki og áhuga barnanna fylgt til að fá sem mesta samvinnu.</p>



12.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Kortleggja framfarir í málþroska	Kortleggja betur hvort framfarir hafi orðið í málþroska fjöltyngru barna.	Halda áfram að nota hæfnimatsrammann til að fá mælanlegar niðurstöður.	Sérkennslustjóri og deildarstjórnari.	Sept 2023	Mars 2024	Hæfnimatsramminn lagður fyrir í sept., jan. og maí.	Hæfnimatsramminn hefur verið fylltur út í þriggja yfir skólaárið.
Kortleggja orðaforða	Kortleggja orðaforða hvers barns.	Nota grunnlínu orðaforðalista Miðju máls og læsis. Taka stöðuna í sept. og jan. Þegar nýtt orðaþema hefst er tekin athugun á hvaða orð börnin þekkja og aftur í lok þema til að sjá hvort barnið hafi náð framförum.	Sérkennslustjóri og deildarstjórnari.	Sept. 2023	Janúar 2024	Grunnlína tekin í jan. og sept.	Grunnlínan hefur verið fyllt út í tvígang yfir skólaárið. Í byrjun vetrar var grunnlína tekin með flestum börnum en þegar leið á veturinn var þetta orðið of mikið fyrir eina manneskju að sjá um. Því verður þessu skipt betur niður næsta skólaár.
Fræðsla til foreldra	Fræðsla	Þjóða uppá fyrirlestur um málörvun fyrir foreldra.	Stjórnendur	Sept. 2023	Júní 2024	-	-



Aukin samvinna við foreldra	Aukin samvinna við foreldra	Hvert fjöltyngt barn fái sína bók þegar það byrjar í leikskólanum með myndum og orðum á íslensku og sínu tungumáli af því helsta sem er í leikskólaum hverfinu.	Sérkennslustjóri	Sept. 2023	Júní 2024	-	Meiri samvinna milli heimilis og leikskóla.
-----------------------------	-----------------------------	---	------------------	------------	-----------	---	---

13 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsmannasamtöl voru flest tekin í febrúar til maí. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu með sér samtölunum. Í ár var rætt um starfsánægju, starfsandann, samskipti og hvernig við gætum aukið starfsánægju okkar. Við leggjum ríka áherslu á að starfsmenn eigi góð og hrein samskipti og að auðvelt sé að biðja um samtal ef svo ber undir.

Símenntun var þó nokkur á vegum starfsmanna síðastliðinn vetur en færri námskeið voru rafræn í ár en í fyrra. Flest námskeiðanna stóðu yfir lengur en einn dag eins og námskeið trúnaðarmanns Eflingar sem fór fram einn dag í hverjum mánuði (sept. 2022 – apríl 2023). Eins fyrirkomulag var með þróunarverkefni Austurmiðstöðvar um innra mat sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu ásamt námskeiðinu leiðtogi framtíðarinnar. Einn deildastjóri sótti námskeið heitir *Málörvun með sögum og söng* sem var haldið á vegum Menntafléttunnar og var það einu sinni í mánuði skólaveturinn 2022-2023 eins og íslensku námskeið sem haldið var fyrir starfsmenn með íslensku sem annað mál. Tveir kennarar fóru á réttindanámskeið í Jákvæðum aga. Vinnusmiðjur voru í mars vegna farsældarlaganna sem leikskólastjóri, sérkennslustjóri ásamt Thelmu sem sinnir málörvun sóttu. Aðstoðarleikskólastjóri fór á rafrænt námskeið um „*Hvatningu og starfsánægju*“ á vegum endurmenntunar HA. Fimm starfsmenn sem sinna sérkennslu fóru á atferlinámskeið sem hvort um sig stóð í tvo og hálfan dag og einn starfsmaður fór á TEACCH-námskeið. Tveir starfsmenn fóru á Downs-námskeið og einn kennari fór á námskeið með TMT, svo eitthvað sé nefnt.

Stafs dagar síðastliðins vetur voru vel nýttir. Á fyrsta starfsdegi þann 14. október var fyrirlestur um einhverfu, æfingar í verkferlum Jákvæðs aga og rýnt í umhverfið sem er „þriðji kennarinn“. Starfsdag í september nýttum við á ráðstefnunni *Lof mér að leika* sem loksins var haldin í Hilton (hafði verið frestað



frá febrúar sl.), þann 25. nóvember fórum við í innra mat og kynnti Valgerður fyrir okkur námskeiðið *Málörvun með sögum og söng*. Á starfsdegi í janúar kusu starfsmenn félaga í stjórn starfsmannafélags Geislabaugu ásamt því að rýna í það hvernig við viljum hafa vinnustaðin okkar og gerðum við með okkur samskiptasáttmála, fórum yfir Reggio Emilia stefnuna okkar og hvernig við nýtum leikinn. Í mars var farið í farsældarlögin *Betri borg fyrir börn* og fengum við fyrirlestur um einingakubba og enduðum á kosningu vegna styttingu vinnuvikunnar. Kosningu lauk þannig að þeir starfsmenn sem eru í 100% starfi taka heilan dag aðra hverja viku í styttingu, flestir á föstudögum. Enduðum síðasta starfsdag vetrarins þann 19. maí á því að fara og heimsækja tvo leikskóla á Akranesi og enduðum daginn með góðu hópefli.

14 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfisskólar Geislabaugu og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á Degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi. Í fylgiskjali 1 *Skólaheimsóknir skólaárið 2022-2023* má sjá heimsóknir vetrarins. Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Börnunum er raðað í bekki og svo er sérstakur fundur er varða öll þau börn sem hafa verið með stuðningstíma.

15 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann og eru þrír fulltrúar í ráðinu. Í haust mun vanta einn vegna flutnings. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldin er í október ár hvert. Foreldraráð fer yfir ársáætlanir og gefur skólanum umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.

Foreldrafundir eru að hausti og þá oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári, í október og apríl. Við vorum með „systkinaviðtöl“ í ár og kom það mjög vel út fyrir alla.

Áður en Covid skall á okkur hafði foreldrafélagið í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans, sem er venjulega annað hvert ár og verið í samstarfi við skólann að sumarhátíðinni sem er í júní ár hvert. Ætlun okkar er að endurvekja þessar skemmtilegu hefðir. Foreldrafélagið hefur einnig séð um jólaföndur á hverju ári. Foreldrafélagið hefur einnig stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið hefur verið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.



16 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2023 – 2024 verða sex í heildina. Þeir verða eftirtalda daga; 2. október, 24. nóvember, 6. febrúar, 18. mars og að lokum tökum við saman 2. og 3. maí vegna sameiginlegrar námsferðar Geislabaugs og Reynisholts.



Leikskóladagatal 2023 - 2024



	ÁGÚSTI	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. F	1. F	1. S	1. M	1. F	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L	1. M
2. Þ	2. L	2. L	2. M	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. L	2. Þ	2. F	2. S	2. Þ
3. F	3. S	3. S	3. Þ	3. F	3. S	3. M	3. L	3. S	3. M	3. F	3. M	3. M
4. F	4. M	4. M	4. Þ	4. L	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. L	4. Þ	4. F
5. L	5. Þ	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. L
6. S	6. M	6. F	6. F	6. M	6. L	6. Þ	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. L
7. M	7. F	7. L	7. L	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. Þ	7. F	7. S
8. Þ	8. F	8. S	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L	8. M
9. M	9. L	9. M	9. M	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. L	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ
10. F	10. S	10. Þ	10. Þ	10. F	10. S	10. M	10. L	10. S	10. M	10. F	10. M	10. M
11. F	11. M	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. L	11. Þ	11. F
12. L	12. Þ	12. F	12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. M	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. F
13. S	13. M	13. F	13. F	13. M	13. M	13. L	13. Þ	13. M	13. L	13. M	13. F	13. L
14. M	14. F	14. L	14. L	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. S
15. Þ	15. F	15. S	15. S	15. M	15. F	15. M	15. F	15. M	15. M	15. L	15. L	15. M
16. M	16. L	16. M	16. M	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. L	16. Þ	16. F	16. S	16. Þ
17. F	17. S	17. Þ	17. Þ	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M	17. M
18. F	18. M	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. L	18. Þ	18. F
19. L	19. Þ	19. F	19. F	19. S	19. Þ	19. M	19. M	19. F	19. F	19. S	19. M	19. F
20. S	20. M	20. F	20. F	20. M	20. L	20. Þ	20. M	20. L	20. M	20. F	20. F	20. L
21. M	21. F	21. L	21. L	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. S
22. Þ	22. F	22. S	22. S	22. M	22. F	22. M	22. F	22. M	22. M	22. L	22. L	22. M
23. M	23. L	23. M	23. M	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. L	23. Þ	23. F	23. S	23. Þ
24. F	24. S	24. Þ	24. Þ	24. M	24. M	24. F	24. S	24. M	24. M	24. F	24. M	24. M
25. F	25. M	25. F	25. F	25. L	25. M	25. S	25. M	25. F	25. M	25. L	25. M	25. M
26. F	26. L	26. M	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. S	26. M
27. L	27. S	27. Þ	27. Þ	27. M	27. M	27. F	27. S	27. M	27. M	27. F	27. M	27. M
28. M	28. F	28. L	28. L	28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F	28. M	28. L	28. L	28. M
29. F	29. M	29. F	29. F	29. L	29. M	29. S	29. M	29. F	29. M	29. F	29. M	29. M
30. F	30. L	30. M	30. M	30. F	30. L	30. Þ	30. F	30. L	30. Þ	30. F	30. S	30. M
31. F	31. S	31. Þ	31. Þ	31. M	31. M	31. F	31. S	31. M	31. M	31. F	31. M	31. M

I reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsólis eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist halfr dagar eða heilir. Leikskólalögd lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lagmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að notu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt samant eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitast skólastjórsmennur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

17 Fylgiskjal 1

17.1 : Skólaheimsóknir skólaárið 2022-2023

Sæmundarskóli

Heimsóknirnar eru á fimmtudögum milli klukkan 10:00-11:00. Leikskólabörn geta verið mætt fyrir á skólalóðina og verið í frímínútum með yngsta stiginu. Frímínútur eru frá 9:35-10:00. Börnin koma inn um inngang hjá íþróttahúsi og hengja af sér fötin þar. Kennslan fer fram á svæði 3. bekkjar.

15. september – kennarar úr Geislabaugi, Reynisholti, Maríuborg og Elísabet út Sæmundarskóla hittast og skipuleggja dagskrá

29. september – ganga um skóla með leikskólakennara

12. október – börn úr 1. bekk heimsækja leikskóla

27. október - nafnspjald

17. nóvember – skólabarnið

5. janúar – skólataskan

2. febrúar – nestisbox og brúsi

16. febrúar - íþróttahús

16. mars – listgreinar/spjaldtölvur – borða í hádeginu

13. apríl –vorskólahefti og viðurkenning

27. maí – heimsókn í frístundaheimilið Fjósið

4. júní – heimsókn í frístundaheimilið Fjósið

15. júní – heimsókn í frístundaheimilið Fjósið

Ingunnarskóli

Heimsóknirnar í Ingunnarskóla voru ýmist á þriðjudögum eða fimmtudögum í vetur.

13. september – skólastofan

6. október – bókasafnið

3. nóvember – íþróttahús

9. desember – samvera (bæði Geislabaugur og Maríuborg)

12. janúar - tónmennt

9. febrúar – heimsókn í frístundaheimilið Stjörnuland

7. mars – skólastofan

11. maí – borðað í skólanum (bæði Geislabaugur og Maríuborg)

26. maí - samvera (bæði Geislabaugur og Maríuborg)

30. maí – heimsókn í frístundaheimilið Stjörnuland (bæði Geislabaugur og Maríuborg)



Starfsáætlun 2023 – 2024
Leikskólinn Geislabaugur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Guðrún Margrét Viðarsdóttir
Ingibjörg Kolka Bjarnadóttir



18.1 Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Geislabaugs 2023-2024

Í umsögn foreldraráðs fyrir ári síðan drógum við sérstaklega fram líðan og starfsumhverfi kennara eftir hremmingar og álag covid-tímans. Þess vegna leituðum sérstaklega eftir því atriði í starfsáætlun þessa árs.

Ánægjulegt er að sjá að samkvæmt innra mati líði starfsfólki Geislabaugs almennt vel í vinnunni því starfsánægja og góður starfsandi er ávallt foreldrum og börnum í hag. Við viljum því hvetja stjórnendur til dáða að viðhalda góðum starfsanda. Við tökum undir það sem kemur fram í umbótaáætluninni að láta hvern og einn kennara finna að hann skipti máli, fái hvatningu og hrós og hlustað sé á viðkomandi, sama hvort um er að ræða líðan eða atriði í skólastarfinu. Við viljum enn fremur leggja áherslu á að hver einasti kennari fái fræðslu um stefnu skólans og einstök verkefni innan skólastarfsins og finni og þekki skólastarfið og sinn þátt í því. Þess vegna er til dæmis gott að skerpa á atriðum eins og muninum á flæði og svæðaleik, markmið sjónræns dagskipulags og TMT. Eins er mikilvægt að hlusta á þeirra hugmyndir eins og ætlunin er varðandi útiveruna. Okkur þykir gott að sjá að allir kennarar hafi fengið fræðslu frá Austurmiðstöð varðandi börn með einstaklingsnámskrá en ekki stuðningsaðilarnir eingöngu. Við teljum mjög jákvætt að starfsdagur hafi verið nýttur til þess að þjálfa kennara í að nota jákvæðan aga og halda við þeirri færni. Jákvæður agi er hluti af stefnu Geislabaugs og því er ákaflega mikilvægt að þjálfa nýja kennara og halda lifandi ígrundun um stefnuna og þjálfun á henni.

Eftir því sem ófaglærðir kennarar þekkja betur menntastefnu skólans og einstök verkefni sem tengjast skólastarfinu ætti álag á faglærða kennara að minnka en nokkuð er rætt um slíkt í almennri umræðu um menntamál í samfélaginu. Við erum að sama skapi mjög hlynntar því að ófaglærðir kennarar séu hvattir til að sækja sér menntun í faginu og fái stuðning til þess.

Áfram varðandi innra mat er lýðræðislegt að afrit af fundargerðum deildarstjórafundu og stjórnendafunda skuli fara inn á allar deildir svo kennarar geti lesið þær, rætt um þær og borið upp hugmyndir eða athugasemdir fyrir næsta fund. Aftur á móti mætti fylgja með hvort kennarar hafi næði eða ráðrúm til þess að lesa fundargerðirnar og hvernig þetta fyrirkomulag hafi reynst.

Í starfsáætlun 2021-2022 kom fram að ýmislegt í hefðbundnu skólastarfi Geislabaugs hefði mátt undan láta vegna covid. Þess vegna er gott að sjá að málörvun og Lubba-starfið hefur greinilega styrkst aftur og kennarar fundið leiðir til að laga það starf að aldursblönduninni inni á þremur elstu deildunum. Okkur þykir ánægjulegt að heyra að lesin sé að minnsta kosti ein bók á dag fyrir öll börn á Geislabaugi og efumst ekki um að sú samvera og menntun muni fylgja þeim og styrkja þau þegar þau koma á önnur skólastig. Blæstundir eru greinilega færri en deildarstjórar kjósa og hafa þeir hugsað leiðir til þess að styrkja það starf.

Í upphafi síðasta skólaárs var ljóst að nýtt fyrirkomulag með þrjár aldursblandaðar deildir yrði töluverð áskorun fyrir kennara og viðkomandi deildarstjóra. Skýrslur deildarstjóra sýna mikinn faglegan metnað og hvernig unnið hefur verið með þær áskoranir sem upp hafa komið. Samkvæmt skýrslu deildarstjóra elstu barna var þetta fyrirkomulag líka styrkur fyrir deildirnar þrjár því þá fengu þær inn kennara til viðbótar sem sá um ákveðnar stundir með



elstu börnunum. Aldursblönduðu deildirnar hafa greinilega aðlagð starfið að þessu breiða aldursbili á faglegan hátt og nýtt tækifærin sem þetta fyrirkomulag gefur.

Fagstjórar vinna metnaðarfullt starf sem við sjáum að börnin eru mjög ánægð með og við vonumst til að það fyrirkomulag haldi áfram.

Gott að spyrja foreldra um hvernig þau sjá starfið og hvort þau hafi einhverjar hugmyndir um breytingar. Eins og kemur fram í skýrslunni hefur covid-tíminn dregið úr virkni foreldra og mjög góð hugmynd að bjóða foreldrum að koma oftar og vera með í starfinu, einmitt án kvaða og án þess að foreldrar upplifi það sem aukið álag.

Skýrslur deildarstjóra eru í raun ánægjuleg lesning. Þar reynir hver deildarstjóri fyrir sig að nýta styrkleika sinnar deilda og sinna kennara. Einn deildarstjóri nýtir eigin kunnáttu og hefur komið á jógastundum á sinni deild, svo eitt dæmi sé nefnt. Reynt er að fylgja grunnþætti Aðalnámskrár um lýðræði með barnafundum til dæmis. Nágrennið og umhverfið er vel nýtt til vettvangsferða og þemaverkefna. Kennarar vilja gera fleiri skráningar og þurfa meira öryggi í því og væntanlega betri tíma til þess. Þessar skráningar eru nemendum og foreldrum þeirra dýrmætar og tókum við undir þetta með kennurum.

Skýrslur sérkennslustjóra bera vitni um öflugt og metnaðarfullt starf og hvernig leitað er leiða til að gera enn betur. Við tókum undir að aukin samvinna á milli heimilis og leikskóla í málörvun fjöltyngdra barna sé ákaflega mikilvæg og verkefnið þar sem hvert barn á að fá sína bók með myndum og orðum á íslensku og eigin tungumáli með því helsta úr leikskólanum og umhverfinu gott skref í þá átt.

Lesi má úr skýrslum allra að erfiðasta hindrunin í skólastarfinu sé mannekla. Þá verður erfiðara að halda uppi föstum verkefnum eins og Lubba og Blæ og fleira í þeim dúr. Eins verður endurmenntun starfsfólks erfiðari við þær aðstæður og fólk hikar jafnvel frekar við að vera heima vegna veikinda þegar mönnun deildarinnar stendur tæpt. Þessar aðstæður hafa svo aftur áhrif á líðan starfsfólks og starfsánægju.

F. h. leikskólans

Edda Guðrún Guðnadóttir

18. ágúst 2023

Starfandi Leikskólastjóri

Dagsetning



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



